FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

226. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 26. SEPTEMBER 2017

# Hefur áhyggjur af viðhorfum Hæstaréttar til þolendanna

**Þolandi heimilisofbeldis þarf að gefa skýrslu að viðstöddum fyrrverandi sambýlismanni. Réttargæslumaður brotaþola lýsir áhyggjum af viðhorfum Hæstaréttar til þolenda heimilisofbeldis. Réttargæslumaður telur nærveru mannsins íþyngjandi.**

**DÓMSMÁL** „Ég hef áhyggjur af viðhorfi Hæstaréttar til þolenda heimilisofbeldis,“ segir Helga Vala Helgadóttir um niðurstöðu Hæstaréttar sem hafnaði í síðustu viku kröfu þolanda heimilisofbeldis um að fyrrverandi sambýlismanni hennar verði gert að víkja úr réttarsal meðan hún gefur skýrslu við aðalmeðferð málsins á morgun. Helga Vala er réttargæslumaður brotaþola í málinu.

„Það er ótrúlegt að við séum enn á þeim stað að kona sem óttaðist um líf sitt fyrir nokkrum mánuðum, þurfi að þola að gerandinn sitji innan við fimm metra frá henni á meðan hún lýsir því fyrir dómi sem hann gerði við hana,“ segir Helga Vala og bætir við að öllum, sem horfðu á söfnunarþáttinn Á allra vörum um helgina og sáu viðtöl við þolendur, hljóti að vera ljóst hve alvarlegar afleiðingar heimilisofbeldis eru.

Maðurinn er ákærður fyrir „nauðgun og brot í nánu sambandi, með því að hafa á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð sambýliskonu sinnar með ofbeldi, frelsissviptingu og hótunum“. Í héraðsdómi segir að óumdeilt sé að brotaþoli óttaðist um líf sitt á verknaðarstundu og taldi að hún væri ekki á lífi ef nágrannar hefðu ekki orðið varir við árásina og kallað á lögregluna.

Ofbeldinu linnti ekki fyrr en lögregla kom á vettvang og var konan þá flutt á bráðamóttöku til aðhlynningar. Í málsskjölunum eru tugir

> **Það er ekki eins og maðurinn hefði ekki átt þess kost á að taka til varna, þótt fallist yrði á þessa kröfu.**
>
> Helga Vala Helgadóttir, réttargæslumaður konunnar



ljósmynda af áverkum konunnar. „Ég skil ekki af hverju þessar myndir og læknisvottorð er styðja framburð konunnar duga ekki til að Hæstiréttur sjái að nærvera mannsins yrði konunni mjög íþyngjandi við skýrslugjöfina,“ segir Helga Vala.

Í niðurstöðu Hæstaréttar er vísað til þeirrar meginreglu sakamálaréttarfars að sakborningur skuli eiga þess kost að vera viðstaddur aðalmeðferð. Undantekningar frá þeirri reglu beri að skýra þröngt og ríka ástæðu þurfi til að víkja frá henni. Í málinu liggi hvorki fyrir vottorð læknis né sálfræðings til stuðnings kröfu konunnar um að hann víki úr réttarsal meðan hún gefi skýrslu.

„Það er ekki eins og maðurinn hefði ekki átt þess kost á að taka til varna, þótt fallist yrði á þessa kröfu. Hann hefði fengið að vera í næsta herbergi og hlýða á skýrslutökuna meðan hún fer fram og verjandinn fengi að vera inni í réttarsalnum og spyrja vitnið,“ segir Helga Vala.

**adalheidur@frettabladid.is**



Kærunefnd útlendingamála gefur fimm manna fjölskyldu frá Gana 30 daga frest til að yfirgefa Ísland. Yngsti fjölskyldumeðlimurinn er aðeins mánaðargamall. Móðirin er álitin vera í sjálfsvígshættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Áskorun að takast á við aukinn fjölda ferðamanna

**STJÓRNSÝSLA** Ólafur Örn Haraldsson lætur af störfum þjóðgarðsvarðar um næstu mánaðamót, en hann verður sjötugur á föstudaginn. Hann ætlar að nýta tímann sem gefst þegar hann er kominn á eftirlaun til að sinna störfum sem formaður Ferðafélags Íslands og að klífa fjöll. Við starfi hans tekur Einar Á. E Sæmundsen, fræðslufulltrúi þjóðgarðsins, sem er ráðinn til eins árs.

Ólafur segist hlakka til eftirlaunaáranna en vissulega séu mörg verkefni fram undan hjá þjóðgarðinum. „Við erum að stækka gestastofuna og við erum að vinna að gríðarlega mörgum verkefnum. Við erum að endurskoða stefnu þjóðgarðsins, fjölga salernum og rafvæða Þinghelgina. Það er fullveldisfundur á



Ólafur Örn Haraldsson á Þingvöllum

Þingvöllum á næsta ári og auðvitað hefði verið gaman að halda áfram.“

Ólafur hefur starfað hjá þjóðgarðinum í sjö ár. Hann segist vera stoltastur af því að ná að taka á móti öllum þeim vaxandi fjölda gesta með sóma. „Við áttum nú í erfiðleikum fyrstu árin sem ég var þarna og vorum tekjulítil. En eftir að tekjur okkar jukust, meðal annars með gjaldtöku, þá höfum við algjörlega náð tökum á þessu,“ segir Ólafur. – **jhh**

# Alþingi lýkur störfum í dag

**ALÞINGI** Samkomulag hefur náðst milli forystumanna þingflokkanna um að ljúka þingstörfum í dag. Mál sem afgreidd verða eru teljanleg á fingrum beggja handa.

„Við gátum ekki samið frá okkur stuðning við frumvarp Pírata um breytingu á breytingaákvæðum stjórnarskrárinnar og því erum við ekki með í samkomulaginu,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, þakkar forseta Alþingis fyrir að treysta Pírötum til þess að setja ekki þingstörfin í háaloft þrátt fyrir að máli þeirra hafi ekki verið hleypt í gegn.

„Það voru í raun allir flokkar sammála um þetta mál nema Sjálfstæðisflokkurinn,“ segir Birgitta.

– **jóe** / **sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** United Silicon óskar eftir því að eignir Magnúsar Garðarssonar verði kyrrsettar 6

**SKOÐUN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson boðar flokk réttlætisins. 12

**SPORT** Þrír Stjörnumenn hafa skorað tíu mörk 16

**LÍFIÐ** Það var fjölmennt í Gamla bíói í gær þegar Miss Universe Iceland 2017 var krýnd. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

WWW.SMARABIO.IS

SMÁRABÍÓ

MAX
FULLKOMNASTA TÆKNIN

LÚXUS
MESTU ÞÆGINDIN

LASER
Í ÖLLUM SÖLUM

Smárabíó – eins og bíó á að vera!

## Veður




Í dag lægir vindinn nokkuð víða, þó verður hann áfram allhvass austanlands. Það verður væta um allt land á morgun, mest rignir á Suðausturlandi. SJÁ SÍÐU 18



**Útboðið kemur til með að kosta Strætó bs. hundruð milljóna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Strætó dæmt til að greiða 100 milljónir

**DÓMSMÁL** Strætó bs. var síðastliðinn fimmtudag dæmt til þess að greiða Allrahanda GL. ehf. 100 milljónir króna í skaðabætur vegna ólögmæts útboðs af hálfu Strætó. Fyrr í sumar hafði bótaskylda Strætó gagnvart Teiti Jónassyni ehf. verið viðurkennd en bótafjárhæð í því máli liggur ekki fyrir.

Málið varðaði lokað útboð á akstri strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Útboðið fór fram í upphafi árs 2010. Á endanum var samið við Hagvagna hf. og Kynnisferðir ehf. Síðar kom í ljós að vagnar Hagvagna uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum og að Hagvögnum voru afhentir vagnar til að geta staðið við skuldbindingar sínar.

Bæði Allrahanda og Teitur Jónasson töldu að meginreglur útboðsréttar hefðu verið brotnar og höfðuðu mál til greiðslu bóta vegna hagnaðarmissis. Líkt og áður segir var bótaskylda Strætó gagnvart Teiti viðurkend fyrr í sumar.

Upphaflega hafði Allrahanda krafist tæpra 530 milljóna í bætur samkvæmt mati dómkvadds matmanns. Yfirmatsmenn mátu tjón félagsins aftur á móti rúmar 289 milljónir. Héraðsdómur mat tjónið hins vegar 100 milljónir að álitum og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti. – jóe

# Stemning á Miss Universe Iceland




**Fegursta stúlkan valin í Gamla bíói** Keppnin Miss Universe Iceland fór fram í Gamla bíói í gær. Fjölmenni var mætt á staðinn til að fylgjast með stúlkunum. Keppnin er haldin á hverju ári og að þessu sinni kepptu sautján stúlkur um titilinn eftirsótta. Sjá síðu 24 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Dáð og Gnádís í lagi en Roar ekki

**SAMFÉLAG** Sjö ný nöfn bættust á mannanafnaskrá með nýjum úrskurðum Mannanafnanefndar sem birtir voru í gær. Tveimur nöfnum var hins vegar hafnað.

Nöfnin sem fengust samþykkt voru stúlkunöfnin Ava, Gnádís, Maríella og Dáð og þá bættist Erasmus á lista yfir leyfileg nöfn drengja. Millinafnið Aðdal hlaut einnig náð fyrir augum nefndarinnar sem og rithátturinn á stúlkunafninu Julia.

Sömu sögu var ekki að segja af karlmannsnafninu Roar og millinafninu Breiðfjörð. Því síðarnefnda var synjað þar sem það er ættarnafn samkvæmt íslenskri málvenju. Roar var hafnað þar sem samstafan „oa“ kemur ekki fram í íslenskum nöfnum. Þá taldist það ekki hafa hefðast í íslenska tungu en enginn íslenskur karlmaður hefur borið nafnið. Var því einnig synjað. – jóe

# Þingflokkar miskátir með samkomulagið

**Fá mál verða samþykkt í dag á síðasta degi þingstarfa fyrir kosningar. Samkomulag um þinglok náðist í gær. Píratar og Samfylkingin setja ekki nafn sitt á það. Þingflokksmaður Pírata segir málin sem fara í gegn vera nokkuð veik.**

**ALÞINGI** Lokadagur þingstarfa fyrir kosningar verður í dag eftir að samkomulag þess efnis náðist í gær. Fimm þingflokkar af sjö standa að samkomulaginu en Píratar og Samfylkingin sitja hjá.

Mál sem afgreidd verða eru teljanleg á fingrum beggja handa. Frumvarp félags- og jafnréttismálaráðherra um notendastýrða persónuaðstoð, NPA, verður að lögum og þá verða ákvæði um uppreist æru felld úr lögum. Bráðabirgðaákvæði um rétt ríkisborgara erlendis til að kæra sig inn á kjörskrá verður framlengt og þá náðist samþykki um bráðabirgðaákvæði í útlendingalögum um úrræði fyrir vegalaus börn.

„Við lögðum alla áherslu á að samþykkt yrði einhvers konar úrræði til að verja þessar tvær stúlkur frá því að vera vísað úr landi. Það náðist sátt sem tryggir þeim, og nokkrum öðrum börnum, öryggi hér á Íslandi,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. Þar vísar hann í afgönsku stelpuna Haniye og nígerísku stelpuna Mary.

Ástæðan fyrir hjásetu áðurnefndra flokka er að ekki var fallist á tillögu um að á komandi kjörtímabili yrði unnt að breyta stjórnarskránni með öðrum hætti en kveðið er á um nú. Frumvarpið er sambærilegt því ákvæði sem gilti á síðasta kjörtímabili að hægt væri að samþykkja breytingar á þinginu og vísa þeim síðar til þjóðarinnar til samþykktar eða synjunar.

„Við gátum ekki samið frá okkur stuðning við frumvarp Pírata um breytingu á breytingaákvæðum stjórnarskrárinnar og því erum við ekki með á samkomulaginu,“ segir Logi.



**Formenn flokka funduðu stíft með forseta Alþingis í gær og náðu loksins samkomulagi um að ljúka þingstörfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við lögðum alla áherslu á að samþykkt yrði einhvers konar úrræði til að verja þessar tvær stúlkur frá því að vera vísað úr landi.**
>
> Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, þakkar forseta Alþingis fyrir að treysta Pírötum fyrir því að setja ekki þingstörfin í háaloft þrátt fyrir að máli þeirra hafi ekki verið hleypt í gegn. Þau hyggjast leggja fram dagskrárbreytingartillögu á morgun í von um að málið verði tekið fyrir.

„Það voru í raun allir flokkar sammála um þetta mál nema Sjálfstæðisflokkurinn,“ segir Birgitta. Af hálfu þess flokks hafi samkomulagið verið fyrir bí ef fallist hefði verið á stjórnarskrártillögurnar.

Að mati Birgittu eru það veik mál sem ná í gegn. Breytingarnar á útlendingalögum séu aðeins til skamms tíma og nýtt þing þurfi að breyta þeim sem fyrst á ný þegar það kemur saman. Þá sé afnám uppreistar æru aðeins hluti vandans.

„Ég held að það hafi verið meirihluti fyrir breytingaákvæðinu en hendur þingmanna verða bundnar af þessu samkomulagi,“ segir Birgitta.

johannoli@frettabladid.is


Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

Kerfisloftalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM




# Veldu þann hæfasta.
# Veldu nýjan Volkswagen Golf.

Við kynnum nýjan Volkswagen Golf sem er engum líkur. Hann kemur í ótal útfærslum þannig að þú finnur örugglega þann eina rétta fyrir þig. Svo býr hann yfir eiginleikum og búnaði sem breyta akstrinum í hreint magnaða tilfinningu. Komdu og prófaðu þann hæfasta í hópnum.



## Golf TGI/TSI
**Bensín og Metan.**

Einn sá fjölhæfasti í sínum stærðarflokki. Fæst bæði bensín og metan.

**Staðalbúnaður meðal annars:**
- 8" margmiðlunarskjár
- Nálgunarvari framan og aftan
- LED dagljósabúnaður
- Apple Carplay / Mirror Link fyrir farsíma
- Loftkæling

Verð frá **3.150.000** kr.



## Golf GTE
**Tengiltvinnbíll.**

Sameinar rafmagn og bensín. Þú kemst allt að 50 km* á rafmagninu einu saman.

**Staðalbúnaður meðal annars:**
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- LED aðalljós og afturljós
- Bílahitari tengdur CarNet**
- 16" álfelgur
- Dökkar rúður

Verð frá **3.990.000** kr.



## e-Golf
**Rafmagnsbíll.**

Dregur allt að 300 km* og er fyrsti rafmagnsbíllinn með upplýsinga- og afþreyingarkerfi með hreyfistýringu.

**Staðalbúnaður meðal annars:**
- 9,2" margmiðlunarskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Stafrænt mælaborð
- Varmadæla
- CCS hraðhleðslutengi
- Tvískipt stafræn loftkæling

Verð frá **4.150.000** kr.

**Við látum framtíðina rætast.**

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

*Skv. NEDC staðlinum. **Upplýsingar um CarNet er að finna á heimasíðu Volkswagen, kynntu þér málið.

# Húsleit hafnað og stefnt á að stefna bæjarfélaginu fyrir dómstóla

**DÓMSMÁL** Hjónin Einar Bogi Sigurðsson og Kristján Ingi Jónsson undirbúa nú mál gegn Mosfellsbæ vegna aðgerða bæjarins til að losna við hænsn af bæ þeirra, Suður-Reykjum.

Hæstiréttur staðfesti í gær niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um að synja um húsleit á heimili þeirra og að þeim verði gert að afhenda „óskráðar hænur“ og „óleyfishana“ sem þeir halda. Ekki var uppi rökstuddur grunur um brot af hálfu hjónanna og beiðninni því synjað.

**Hjónin hafa átt í áralangri deilu við bæjaryfirvöld um hænurnar**

„Ég er eins og fiðrildi hérna og veit ekki alveg hvernig ég á að haga mér. Nú förum við að sækja á bæinn,“ segir Einar Bogi.

Deilan er áralöng og hefur Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að fiðurféð skuli burt. Einar og Kristján saka hins vegar bæinn um að hafa breytt lóðaskráningu til að koma þeim af lögbýlaskrá. Þeir búa á Suður-Reykjum 3 en bærinn segir þá búa á Reykjarhvoli 5.

„Þeir breyttu lóðarnúmerinu án okkar vitundar til að losna við fuglana. Þetta eru bara hreinir og klárir eineltistilburðir,“ segir Einar. „Ég veit það fyrir víst að næstu skref verða eitthvað á þá leið að við krefjumst þess að bærinn bakfæri það sem hefur verið gert og þessi mistök verði leiðrétt.“ **– jóe**



**Kristján Ingi með hanann sem málið snýst um.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Börn á leikskóla í Svíþjóð fengu pottrétt með víni í.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Vín í matnum á leikskóla

**SVÍÞJÓÐ** Leikskóli í Södertälje í Svíþjóð sætir gagnrýni umhverfisnefndar borgarinnar fyrir að hafa boðið börnunum upp á pottrétt með rauðvíni í. Það er mat umhverfisnefndarinnar að slík matreiðsla hafi verið óheppileg og ónauðsynleg á leikskóla.

Þetta var ekki eina athugasemdin sem leikskólinn fékk. Hreinlæti var ábótavant, meðal annars vegna þess að starfsmenn þvoðu sér ekki um hendurnar milli mismunandi athafna. Jafnframt var gagnrýnt að pottar hefðu verið óhreinir. **– ibs**

## RÚV greiddi 2,5 milljónir

**DÓMSMÁL** Ekkert verður af aðalmeðferð í máli Guðmundar Spartakusar Ómarssonar gegn fréttastjóra og þremur núverandi og fyrrverandi fréttamönnum RÚV. Guðmundur Spartakus hafði stefnt fyrrnefndum fjórum fyrir meiðyrði en fréttirnar sneru að fíkniefnasmygli í Brasilíu og Paragvæ. Sættir náðust um að RÚV greiddi Guðmundi málskostnað og miskabætur vegna fyrirhugaðra málaferla. Upphæðin nemur 2,5 milljónum króna. **– jbg**

# Segir lítið fé fást frá ríkinu til að stunda fornleifarannsóknir

**Formaður Félags fornleifafræðinga segir erfitt að stunda fornleifarannsóknir í dag. Afar fáar fastar stöður séu í boði fyrir fornleifafræðnga og fornminjasjóður sé mjög mikilvægur sjálfstætt starfandi fornleifafræðingum. Um 45 milljónum króna er varið til fornminjasjóðs á næsta ári. Það er sama upphæð og í fyrra.**

**FJÁRLÖG** „Eins og staðan er í dag er nánast ómögulegt að stunda fornleifarannsóknir án aðstoðar frá sveitarfélögum, áhugamannafélögum, eða öðrum sem sýna rannsóknum á þessi sviði áhuga,“ segir Sólrún Inga Traustadóttir, formaður Félags fornleifafræðinga, en í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir að um 45 milljónum verði varið til fornminjasjóðs, óbreytt frá því í ár.

„Það er mikilvægt að fornleifarannsóknir fái þann stuðning sem þær þurfa því þær koma ekki bara fornleifafræðingum við, heldur öllu fólkinu í landinu,“ segir Sólrún Inga.

Fornminjasjóður styrkir fornleifaskráningu, uppgröft, úrvinnslu rannsókna, varðveislu og viðhald minja, báta og skipa og miðlun þekkingar á sviði fornminja á Íslandi. Þessar 45 milljónir eiga að duga til þessarar vinnu á næsta ári.

Íslenskar fornleifarannsóknir síðustu ára hafa að miklu leyti snúist um að verja fornleifar og kanna landsvæði áður en þau fara undir mannvirki. Til að mynda fundust afar áhugaverð bátskuml á Dysnesi í Eyjafirði í sumar í rannsókn sem var hluti af umhverfismati stórskipahafnar á Dysnesi.

„Afar fáar fastar stöður eru í boði fyrir fornleifafræðinga á Íslandi og því er fornminjasjóður mjög mikilvægur sjálfstætt starfandi fornleifafræðingum og starfsumhverfi þeirra, ekki síður en þeim sem vinna við fornleifarannsóknir í föstum stöðum,“ segir Sólrún Inga.

Aðeins lítill hluti þeirra sem sækja um rannsóknarstyrki í fornminjasjóð hlýtur styrki til verkefna. Að mati Sólrúnar Ingu virðist það vera svo að vísindamenn séu að gefast upp á að sækja um í sjóðinn því að líkurnar á að hljóta styrk séu ekki nægilega miklar. Tímafrekt er að útbúa umsókn í vísindasjóði.

„Fornleifarannsóknir skapa þekkingu um land og þjóð og þessi þekking nýtist á mörgum sviðum í samfélaginu. Hún er mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna, kennslu í skólum, og til að styrkja sjálfsmynd samfélags og einstaklinga svo eitthvað sé nefnt,“ bætir Sólrún Inga við.
**sveinn@frettabladid.is**



**Á Dysnesi við Eyjafjörð í sumar fundust nokkuð heilleg bátskuml sem nú er verið að rannsaka.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Fornleifarannsóknir skapa þekkingu um land og þjóð og þessi þekking nýtist á mörgum sviðum í samfélaginu.**

Sólrún Inga Traustadóttir, formaður Félags fornleifafræðinga



### Tölulegar staðreyndir

**2017**
- 50 umsóknir í sjóðinn upp á um 150 milljónir króna.
- 24 umsóknir fengu styrk upp á um 45 milljónir.

**2016**
- 75 umsóknir í sjóðinn upp á um 165 milljónir króna
- 26 fengu styrk upp á um 45 milljónir króna.




NÝR JAGUAR F-PACE

# SPORTJEPPI SEM ÞÚ HEFUR BEÐIÐ EFTIR.

JAGUAR




F-PACE er fyrsti hraðskreiði jeppinn í Jaguar-fjölskyldunni. Hér er kominn ótrúlega hagkvæmur sportbíll sem sameinar einstaka fegurð og snarpa akstursseiginleika. F-PACE er afar afkastamikill og með honum er hægt að velja aldrif eða afturhjóladrif og AdSR-gripkerfi sem greinir mismunandi yfirborð til að tryggja hámarksgrip. Hægt er að velja úr mörgum öflugum vélum sem eyða frá 4,7 l/100 km* og losa frá 139 g/km í blönduðum akstri. Í bílnum er rúmgóð 650 l farangursgeymsla auk þess sem fjölhæf 40:20:40 sætaskipanin býður upp á allt að 1.740 l farangursrými. Aukin þægindi eru fólgin í tómstundalyklinum, vatnsheldu armbandi sem læsir og aflæsir F-PACE. Hægt er að hafa það á sér í stað lykils með fjarstýringu. InControl upplýsinga- og afþreyingarkerfið sér svo um afþreyingu og tengingu til að allir njóti hverrar einustu ökuferðar.

**jaguarisland.is**

WINNER
WORLD CAR AWARDS
2017 WORLD CAR OF THE YEAR
2017 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar F-Pace, sjálfskiptur, dísil: **Verð frá 7.690.000 kr.**

* Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




## Á mjórri línu



Loftfimleikamenn gengu á línu yfir torgið í gamla bænum í Prag í Tékklandi í gær. Atburðurinn var hluti af söfnunarátaki til handa fólki með sykursýki. Augljóst að þetta geta ekki allir leikið eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vill kyrrsetningu á eignum Magnúsar

**United Silicon hefur óskað eftir að eignir Magnúsar Garðarssonar, fyrrverandi forstjóra United Silicon, hér á landi verði kyrrsettar. Fyrirtækið vill tryggingu fyrir bótakröfu á hendur honum. Sakaður um að hafa dregið sér hálfan milljarð.**

**IÐNAÐUR** Stjórn United Silicon hefur óskað eftir kyrrsetningu hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu á eignum Magnúsar Garðarssonar, fyrrverandi forstjóra kísilversins, hér á landi.

Fyrirtækið, sem nú er í greiðslustöðvun, vill tryggingu fyrir bótakröfu sem það hefur gert á hendur Magnúsi í kæru til embættis héraðssaksóknara. Ekki fengust upplýsingar um hvaða eignir Magnúsar hér á landi um er að ræða eða hvort embættið hafi tekið efnislega afstöðu til kyrrsetningarbeiðninnar.

Fjölmiðlar vöktu athygli á því um miðjan þennan mánuð að einbýlishús Magnúsar í Kópavogi var auglýst til sölu. Húsið er 304 fermetrar að stærð og var ásett verð 150 milljónir króna. Fasteignaauglýsingin hefur nú verið tekin úr birtingu.

United Silicon sendi fyrr í mánuðinum kæru til embættis héraðssaksóknara vegna gruns um refsiverða háttsemi forstjórans fyrrverandi. Kæran byggir á grun um stórfelld auðgunarbrot og skjalafals allt frá árinu 2014 eða þegar framkvæmdir við kísilverið í Helguvík hófust. Samkvæmt tilkynningu United Silicon þann 11. september eru upplýsingar sem þá komu fram afrakstur af vinnu við endurskipulagningu félagsins. Arion banki og fimm lífeyrissjóðir hafa síðan þá tekið yfir 98 prósenta hlut í félaginu og eru Magnús og aðrir stofnendur þess farnir út úr hluthafahópnum og hafa misst stjórnarsæti sín.

Stjórnin telur, líkt og komið hefur fram, að Magnús hafi dregið sér um hálfan milljarð króna með fölsuðum og tilhæfulausum reikningum útgefnum af ítalska fyrirtækinu Tenova Pyromet sem bæði hannaði og seldi kísilverinu ljósbogaofn.

Magnús hefur mótmælt þeim ásökunum sem fram hafa komið í fjölmiðla. Þær séu rangar og tilhæfulausar og hluti af „skítugum slag“ um eignarhald United Silicon. Ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.



Magnús Garðarsson er stofnandi og fyrrverandi forstjóri United Silicon í Helguvík. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

haraldur@frettabladid.is




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Prestur á Staðastað og biskup deila enn

**Sóknarprestur á Staðastað sem gerður var að héraðspresti eftir deilur telur sig eiga að fá skipun til ársins 2022 en biskup hafnar því. Presturinn segir kirkjuna leyna gögnum um myglu. Sóknarnefndarformaður undrast tíðindaleysi af nýjum presti á staðinn.**


Hjónin Karen Lind Ólafsdóttir og Páll Ágúst Ólafsson.

**TRÚFÉLÖG** Eftir deilur um veru og þjónustu Páls Ágústs Ólafssonar í embætti sóknarprests á Staðastað færði Agnes Sigurðardóttir biskup Pál til í starfi frá og með 1. júlí og gerði að héraðspresti Vesturlandsprófastsdæmi.

„Héraðsprestur annast meðal annars afleysingar og skipuleggur fræðslumál á þjónustusvæði sínu," segir í bréfi sem sent er fyrir hönd biskups til kirkjuráðs. Kemur fram að ákvörðunin um flutning Páls til í starfi muni gilda út núverandi skipunartíma hans, sem sé til 30. nóvember 2018.

Við þessi tímamörk í starfi sem héraðsprestur sætti Páll sig ekki og vísaði í svarbréfi til biskups í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og sagðist vera að bíða eftir nýju skipunarbréfi sem gilti frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2022.

„Ef embættismaður er fluttur í annað lægra launað embætti eftir þrjú ár í starfi, yrði hann skipaður til fimm ára í hið nýja embætti en fengi laun greidd í tvö ár samkvæmt launakerfi fyrra embættisins," vitnar Páll til greinargerðar með lögunum. „Það er útilokað að tilfærsla geti átt sér stað innan sama skipunartíma og þeim misskilningi hér með eytt," skrifar sóknarpresturinn fyrrverandi biskupi.

Þá segir Páll að hann eigi að njóta sömu kjara í nýja starfinu eins og hann hefði setið út skipunartímann þar, sem sagt til 30. nóvember 2018.

„Með ákvörðun biskups er ég sviptur lögboðnum réttindum til að hagnýta jörðina og njóta þeirra hlunninda sem hefðu átt að fylgja jörðinni Staðastað í Snæfellsbæ og eru órjúfanlegur hluti af launakjörum sóknarprests í prestakallinu sem jörðin tilheyrir," skrifar Páll.

Biskup kveðst í bréfi sínu gera ráð fyrir að Páll hafi þegar flutt af Staðastað og þurfi ekki að flytja búslóð eða annað af staðnum. Eigi hann einhverja hluti á staðnum verði hann búinn að fjarlægja þá áður en hann skili lyklunum í síðasta lagi 12. júlí.

Páll segir ályktun biskups ranga. „Það hefur margsinnis komið fram í erindum bæði frá mér og lögmanni mínum til biskups og kirkjuráðs að töluvert magn af innbúi er enn þá á Staðastað í minni eigu," segir í svarbréfi hans. Þessir hlutir séu jafnvel ónýtir enda verið óvarðir í framkvæmdum í kjölfar þess að hann flutti af Staðastað vegna myglu í prestsbústaðnum.

„Þrátt fyrir að ástand innbúsins sé með þeim hætti þá skal ekki við því hreyft fyrr en nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir og rannsóknir hafa farið fram svo rannsóknarhagsmunum verði ekki spillt meira en orðið er og kirkjuráð fyrir hönd kirkjumálasjóðs ber fulla ábyrgð á," skrifar presturinn.

Séra Páll og eiginkona hans, Karen Lind Ólafsdóttir, sem nýverið var skipuð sóknarprestur í Digraneskirkju í Kópavogi, röktu veikindi í fjölskyldunni beint til rakaskemmda og myglu á Staðastað. Páll ítrekar að þau vilji fá aðgang að sýnum sem tekin voru af myglunni.

„Tegundagreining myglu og örvera er nauðsynleg svo læknisfræðileg rannsókn geti átt sér stað með fullnægjandi hætti," rekur Páll. Upplýsingum sem hann eigi rétt á að fá hafi kerfisbundið verið leynt. „Þessum leyndarhjúp og óvissu ásamt svörum við öðrum álitaefnum sem lögð hafa verið fram þarf kirkjumálasjóður að aflétta án tafar og er alfarið á ábyrgð kirkjuráðs og biskups Íslands."

Agnes biskup hafði reyndar í bréfi til lögmanns Páls áður sagst vonast eftir að samkomulag tækist vegna hlunninda og tekna sem Páll hefði haft af jörðinni á Staðastað hefði hann setið hana út skipunartíma sinn. Í svarbréfi til Páls hafnar hún hins vegar þeim skilningi hans að skipa beri hann sem héraðsprest allt til ársins 2022.


Agnes Sigurðardóttir biskup.

„Slík túlkun væri þar að auki í mikilli mótsögn við eitt megin-markmiða þeirra sem greind eru í almennum athugasemdum við frumvarpið, það er um aukinn sveigjanleika í starfsmannahaldi," skrifar biskup Páli og segir greinargerðir með lagafrumvörpum ekki hafa lagagildi. Hvað snerti önnur álitamál sem Páll nefni þá varði þau prestsetursjörðina og þau heyri undir kirkjuráð.

Enginn situr Staðastað í augnablikinu en Hjálmar Jónsson, fyrrverandi dómkirkjuprestur, var í lok júní settur sem sóknarprestur þar tímabundið til fjögurra mánaða. Biskup hefur ekki enn auglýst embættið til umsóknar.

„Við erum undrandi á að hafa ekkert heyrt hvað verður eftir 1. nóvember þegar tími séra Hjálmars hér á að vera liðinn," segir Kristján Þórðarson, formaður sóknarnefndar í Staðastaðarprestakalli.

**gar@frettabladid.is**






**Meirihluta foreldra var ráðlagt að gefa börnum sínum lyf við svefnvandræðum samkvæmt nýlegri rannsókn HR.**

## Synd að lyf séu fyrsti valkostur við svefnvanda

**HEILBRIGÐISMÁL** Foreldrum barna með þroskahamlanir og þroskaraskanir, sem leituðu meðferðar vegna svefnvanda þeirra, var í 58 prósent tilfella ráðlögð lyfjameðferð. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn meistaranema við Háskólann í Reykjavík. Algengast var að börnunum væri ávísað svefnlyfið circadin, eða melatónín, sem Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um að undanförnu.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að sprenging hefði orðið í ávísunum lækna á melatónín við svefnvanda íslenskra barna undanfarin ár en lyfið er ekki ætlað einstaklingum undir 55 ára og áhrif þess á yngra fólk og börn óþekkt.

Rannsóknina gerðu meistaranemarnir Hulda Jónsdóttir Tölgyes og Þórarinn Freyr Grettisson í fyrra undir handleiðslu Berglindar Sveinbjörnsdóttur, atferlisfræðings og aðjúnkts í sálfræði.

Við rannsóknina setti teymið sig í samband við hagsmunasamtök, foreldrafélög, ADHD-félagið og fleiri félög til að komast í samband við foreldra barna með sérþarfir og þeim sendar spurningar. Svarhlutfallið var gott en í ljós kom að lyfjagjöf var oftast ráðlögð sem meðferð við svefnvanda, eða í 58 prósentum tilfella á meðan breyting á svefnvenjum var ráðlögð í 26 prósentum tilfella.

> Svefnvandi barna er með því erfiðasta sem foreldrar lenda í og það sýnir neyð þeirra að fátt annað sé í boði en lyfjagjöf.
>
> Berglind Sveinbjörnsdóttir

Fjallað verður um niðurstöðu rannsóknarinnar í Tímariti HR í október en í samtali við Fréttablaðið segir Berglind að niðurstöðurnar hafi ekki komið sér á óvart miðað við það sem hún hafi séð hér á landi og í störfum sínum erlendis en sem atferlisfræðingur hefur hún unnið með börnum með alvarlegan hegðunar- og svefnvanda.

„Það er synd að lyfin virðist fyrsti valkostur þegar til eru aðrar mjög góðar og sannreyndar leiðir til að takast á við svefnvanda," segir Berglind. Hún segir að svo virðist sem þekkingu skorti á þeim stöðum sem foreldrar leita til um hvert sé hægt að vísa þeim.

„Það er úrræðaleysi hjá flestum sem að þessum málaflokki koma hér á landi hvert sé best að leita. Svefnvandi barna er með því erfiðasta sem foreldrar lenda í og það sýnir neyð þeirra að fátt annað sé í boði en lyfjagjöf."

**mikael@frettabladid.is**







# LAGERSALA!

## 50-70% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru

**(Lagersalan er í verslun okkar að Ármúla 8)**

**-50%**



**Delholm** tungusófi í áklæði
m/lengjanlegum setum og stillanlegum höfuðpúðum
Stærð: 285 x 180 cm. Litir: ljósbrúnt
Verð kr. 525.000,-, nú kr. **262.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**



Audi Q7 quattro
3.0 TDI 272 hestöfl
Ekinn 20.000
2016 13.850.000 KR
S-Line, 7 manna, glerþak, leðurinnrétting, nudd í framsætum, BOSE hljómkerfi, dráttarkúla, rafdrifinn afturhleri svo fátt eitt sé nefnt.

Raf / Bensín
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjórhjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur
Rafmagnsbíll

Margar stærðir, fleiri litir.
Fleiri bílar og myndir á netinu: hnb.is



VW e-Golf Premium
Rafbíll 85kW
2015 3.670.000 KR
11



VW Passat Alltrack
4Motion 2.0 TDI 190 hö.
2016 5.690.000 KR
19



Skoda Superb Combi
Ambiente 2.0 TDI
2015 3.980.000 KR
33



Skoda Octavia
Ambition 1.6 TDI
2015 2.890.000 KR
30



Mitsubishi Outlander
Intense 2.2 DID 4x4
2015 3.920.000 KR
30



VW Polo Trendline
1.2 MT
2014 1.650.000 KR
50

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040
Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS


# Forsætisráðherra Japans boðar til þingkosninga vegna Norður-Kóreu

**Forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, boðar til þingkosninga ári á undan áætlun. Talið er að ástæðan sé vaxandi stuðningur við stjórn hans vegna ástandsins á Kóreuskaga. Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn mælist núna með sjö prósenta fylgi. Bandaríkin útvíkka ferðabann sitt svo það nái til Norður-Kóreu.**

**JAPAN** Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, boðaði í gær til þingkosninga. Kjörtímabilinu átti að ljúka á næsta ári en nú er ljóst að Abe mun rjúfa þing á fimmtudaginn. Ekki er búið að greina frá því hvenær kjördagur verður en japanskir fjölmiðlar halda því fram að 22. október sé líklegasta dagsetningin.

Abe sagði í gær að ákvörðunin væri tekin þar sem hann vildi endurnýja umboð sitt til að takast á við öryggiskreppuna sem hefur orðið í landinu vegna vaxandi ógnar sem stafar af Norður-Kóreu. Einræðisríkið hefur tvisvar skotið eldflaugum í gegnum japanska lofthelgi undanfarinn mánuð.

Þá tilkynnti forsætisráðherrann einnig um innspýtingu í mennta- og velferðarkerfi Japans. Til stendur að verja nærri tveimur billjónum króna en Abe sagði innspýtinguna nauðsynlega til þess að undirbúa þjóðina fyrir framtíðina.

Ástæðuna fyrir því að Abe hefur boðað til kosninga má rekja til þess að flokkur hans mælist nú vinsælli en undanfarna mánuði, að því er BBC greinir frá. Halda greinendur BBC því fram að með því að boða til kosninga ári á undan áætlun sé hægt að nýta sér þann meðbyr sem flokkurinn hefur fengið vegna ástandsins á Kóreuskaga.

Stuðningur við Abe mældist til að mynda tæp þrjátíu prósent í júlí en nú í september styður um helmingur japönsku þjóðarinnar forsætisráðherrann.

Veik staða stjórnarandstöðu bendir einnig til þess að Abe muni vinna góðan sigur í kosningunum. Frjálslyndir demókratar, flokkur Abe, mældist með 41 prósents fylgi í nýlegri könnun TV Tokyo. Til samanburðar mældist stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, Demókratar, með um sjö prósenta fylgi.



**Shinzo Abe forsætisráðherra vill endurnýja umboð sitt.** NORDICPHOTOS/AFP

Frjálslyndir demókratar hafa verið í samsteypustjórn með Komeito-flokknum á kjörtímabilinu með rúmlega tvo þriðju hluta þingsæta. Meirihlutinn er svo stór þar sem Abe vill breyta stjórnarskrá ríkisins á þá vegu að staða hersins verði formlega viðurkennd. Miðað við skoðanakannanir er óvíst hvort sá ofurmeirihluti haldi.

Fleiri ríki en Japan gripu til aðgerða í gær vegna ástandsins á Kóreuskaga. Ríkisstjórn Donalds Trump Bandaríkjaforseta ákvað í gær að útvíkka hið umdeilda ferðabann sitt svo það nái einnig til ríkisborgara Norður-Kóreu, Venesúela og Tsjad. Hingað til hefur bannið einungis náð til fimm múslimaríkja, það er Líbýu, Írans, Sýrlands, Jemens og Sómalíu.

Bandaríkjaforseti og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, hafa átt í hatrömmum deilum undanfarið. Hefur Trump kallað Kim geðveikan eldflaugamann og Kim kallað Trump elliæran geðsjúkling. Í tilkynningu í gær sagði Trump að bannið væri útvíkkað vegna þess að það væri forgangsmál að tryggja öryggi Bandaríkjamanna. Ekki væri boðlegt að veita fólki inngöngu í landið sem ekki væri hægt að ganga úr skugga um að myndi ekki valda skaða. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Lofar að vinna öfgamenn aftur á sitt band

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands og leiðtogi Kristilegra demókrata (CDU/CSU), lofaði í gær að vinna kjósendur þjóðernishyggjuflokksins Valkosts fyrir Þýskaland (AfD) aftur á sitt band.

Útlit er fyrir að kjósendur Kristilegra demókrata hafi margir hverjir flykkst til AfD. Þótt Kristilegir demókratar hafi fengið langflest atkvæði í þýsku kosningunum um helgina töpuðu þeir 8,5 prósentum atkvæða miðað við kosningarnar árið 2013. AfD fékk hins vegar 7,9 prósentustigum fleiri atkvæði. Fengu Kristilegir demókratar þannig sína verstu kosningu í nærri sjö áratugi.

AfD eru augljósir sigurvegarar kosninganna. Einungis einn annar flokkur, Frjálslyndir demókratar (FDP), bætti við sig meira en einu prósentustigi. Bætti FDP við sig alls 5,9 prósentustigum en flokkurinn náði ekki inn á þing í síðustu kosningum eftir að hafa verið í ríkisstjórn með CDU/CSU.

Þrátt fyrir velgengni AfD lýsti Frauke Petry, annar formanna flokksins, því yfir á stuttum blaðamannafundi í gær að hún hygðist ekki taka sæti á þingi fyrir AfD. Hún myndi frekar verða óháður þingmaður.




**Angela Merkel, kanslari Þýskalands, vann varnarsigur.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Þjóðernishyggjuflokkurinn Valkostur fyrir Þýskaland er augljós sigurvegari kosninganna.**

Stjórnarmyndunarviðræður taka nú við í Þýskalandi og er í raun aðeins ein meirihlutastjórn í kortunum þar sem Jafnaðarmannaflokkurinn (SDP) hefur lýst því yfir að hann verði í stjórnarandstöðu. Um er að ræða samsteypustjórn FDP, Græningja, og Kristilegra demókrata sem hefðu saman 393 af 630 þingsætum.

Slíkt stjórnarmynstur hefur verið kallað Jamaíkustjórn. Vísar það þess að einkennislitir flokkanna eru þeir sömu og eru í jamaíska fánanum. Aldrei hefur reynt á samstarf þessara flokka á þýska sambandsþinginu en flokkarnir starfa saman í þingi Slésvíkur-Holtsetalands. **– þea**

# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP SKEIFUNNI

### AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18

ÓFROSIÐ OG FERSKT DAGLEGA!



| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.699 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.799 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 5.599 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.599 kr/pk |
| Þindar | 399 kr/kg |
| Eistu | 599 kr/kg |
| Blóð 1 L | 199 kr/pk |
| Mör | 169 kr/kg |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Vambir 3 stk | 1.199 kr/pk |

Gildir til 21. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Að sofna á verðinum



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Það er manninum eðlislægt að túlka veröldina út frá nærumhverfi sínu og einangraðri upplifun. Þannig er það fullkomlega eðlilegt að halda það að Jörðin sé nafli alheimsins, enda virðist sólin sannarlega hringsnúast um plánetuna okkar. Það er sömuleiðis eðlilegt að halda að núverandi ástand sé komið til að vera. Dauðinn, sem áður var tíður gestur, virðist nú á tímum vera fjarlægur, jafnvel órökréttur.

Án þess að ætla mér að alhæfa um meint eðli tegundarinnar okkar, þá leyfi ég mér að fullyrða að við eigum það til að gleyma hinni ríkulegu sögu uppgötvana, vonbrigða, mistaka og jafnvel heppni sem færði okkur heiminn eins og hann er í dag.

Bóluefnið er eitt af þeim fyrirbærum sem við tökum sem sjálfsögðum hlut. Mögulega vegna þess að minningin um veröld án bóluefnis dofnar með hverri kynslóð. Í bóluefninu kristallast einstök þekkingarleit mannsins og skilningur hans á eigin líkama. Bóluefnið er eitt magnaðasta afrek mannsins, og fellur í sama flokk og internetið, sýklalyf, Shakespeare og lýðræðið. Bóluefnið hefur bjargað milljónum, og sparað okkur milljarða.

Þökk sé bóluefninu hefur okkur tekist að útrýma sjúkdómum. En í þeirri staðreynd er jafnframt fólgin helsta ógnin sem steðjar að bóluefninu, einmitt að við túlkum ástandið eins og það er sem stöðugt en ekki augnablik í hinu stóra samhengi. Ógnin felst í því að við hættum að bólusetja börnin okkar, einfaldlega vegna þess að það virðist vera óþarfi.

Samkvæmt nýrri skýrslu Embættis landlæknis var þátttaka í bólusetningum barna á aldrinum 12 mánaða til fjögurra ára mun lakari árið 2016 en fyrri ár. Þátttakan var „ekki ásættanleg og ef fram heldur sem horfir, þá geta blossað hér upp bólusetningarsjúkdómar sem ekki hafa sést um árabil“.

Vafalaust eru einhverjir sem trúa því að bólusetningar séu skaðlegar. Þeir eru jafn afvegaleiddir og þeir sem telja þær óþarfar. Því bólusetningar verja ekki aðeins þá sem eru bólusettir, heldur einnig aðra sem ekki hafa fengið bóluefni. Til að tryggja áframhaldandi hjarðónæmi og þannig sporna við útbreiðslu hörmulegra pesta eins og mislinga, verður að tryggja þátttöku allra í bólusetningum.

Hugsunarháttur eins og sá sem lýst var hér að ofan, þar sem andvaraleysi ræður för, er ekki ólíkur því ástandi sem Íslendingar á fyrri tímum upplifðu. Einangraðir frá umheiminum voru eyjarskeggjar hér lausir við marga algenga smitsjúkdóma sem herjuðu á meginland Evrópu, en um leið voru þeir viðkvæmari fyrir þegar pestin barst loks hingað. Sem hún gerði, og með hörmulegum afleiðingum.

> **Til að tryggja áframhaldandi hjarðónæmi, verður að tryggja þátttöku allra í bólusetningum.**

Viltu prófa eitthvað nýtt?

Kynnast öðruvísi menningu, skemmtilegu fólki og nýju tungumáli? Kannski er skiptinám eitthvað fyrir þig. Þú getur farið til Bandaríkjanna og Frakklands (í 4-10 mánuði), Spánar (í 3-6 mánuði) eða Þýskalands (í 3-6 mánuði).

Brottför er í janúar 2018.
Frestur til að skila inn umsókn rennur út 15. október.

Ekki missa af besta ári lífs þíns.

MUNDO
www.mundo.is
FERÐASKRIFSTOFA FERÐAMÁLASTOFA LEYFISHAFI

Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Katrín sívinsæl**
Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, mælist enn á ný vinsælasta forsætisráðherraefni þjóðarinnar í nýrri könnun Félagsvísindastofnunar og vill tæpur helmingur landsmanna að hún vermi stólinn næst. Þrátt fyrir vinsældirnar hefur Katrín ekki enn sest í forsætisráðherrastólinn. Það gæti þó breyst eftir komandi kosningar. Formaðurinn sagði í samtali við Vísi á dögunum að hún vildi mynda ríkisstjórn með félagshyggju að leiðarljósi. Er það áhugavert í ljósi þess að elsti félagshyggjuflokkur landsins, Framsóknarflokkurinn, varð trúlega stjórntækari um helgina og með því mögulegur samstarfsflokkur fyrir VG.

**Framsóknarflótti**
Bandamenn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar keppast nú við að lýsa því sem fyrst yfir að þeir hafi sagt sig úr flokknum. Það hafa til að mynda Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur, og fyrrverandi þingmaðurinn Þorsteinn Sæmundsson gert. Það er aldrei að vita nema Framsóknarmennirnir fyrrverandi verði í framboði fyrir nýtt afl Sigmundar Davíðs. Ómögulegt er að segja hvernig það mun hafa áhrif á Framsóknarflokkinn að hann bjóði fram klofið. Hins vegar er ekki ólíklegt að flokkur Sigurðar Inga og Lilju Daggar þyki nú áreiðanlegri og ný atkvæði muni koma í stað þeirra sem tapast gætu til Sigmundar Davíðs. thorgnyr@frettabladid.is

# Höldum áfram



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
alþingismaður

Á síðasta kjörtímabili náði Ísland hraðasta efnahagslega viðsnúningi nokkurs ríkis í seinni tíð. Á sama tíma komst stærsti hluti fjármálakerfis landsins í eigu ríkisins. Einstakar aðstæður sköpuðust til að ráðast í sögulegar samfélagsumbætur. Með bættu efnahagsástandi var hægt að hverfa frá dýrri varnarbaráttu og snúa sér þess í stað að arðbærri sókn. Þar með varð mögulegt að fjárfesta í framtíðinni í stað þess að fást fyrst og fremst við vandamál fortíðar.

Það á við á mörgum sviðum, til dæmis í menntun, tækni og vísindum en einnig á sviði byggðamála. Fyrirheit höfðu verið gefin um stórsókn í byggðamálum þegar stjórnvöld sæju til lands í stóru efnahagsaðgerðunum eins og uppgjöri slitabúa bankanna. Slík sókn er nauðsynleg til þess að Ísland allt virki sem ein heild og hægt sé að leysa úr læðingi verðmæti sem liggja í landinu, byggðarlögunum og fólkinu.

Bætt staða gerir okkur líka kleift að koma sérstaklega til móts við hópa fólks sem dregist hefur aftur úr í hinni hröðu kaupmáttaraukningu síðustu ára.

Ítök ríkisins á fjármálamarkaði, auk hins efnahagslega stöðugleika, veittu svo einstakt tækifæri til að ráðast í umbætur á því sviði og byggja upp fjármálakerfi sem virkar betur fyrir almenning og atvinnulífið en nú er.

Þótt eftirfylgnina hafi vantað í eitt og hálft ár veita kosningarnar nú tækifæri til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Þótt undirbúningur hafi gengið vel og aðstæður séu góðar verður þó ekki auðvelt að hrinda svo stórum breytingum í framkvæmd, ekki nú frekar en áður. Ríkjandi fyrirkomulag verður varið af miklum krafti. Til að koma hreyfingu á hlutina þarf því enn meira afl að koma á móti. Það mun þurfa stjórnmálaflokka sem hafa þolgæði og festu. Flokka sem nálgast úrlausnarefnin af opnum hug en eru svo reiðubúnir til að beita sér fyrir skynsamlegustu lausnunum af krafti. Flokka sem eru reiðubúnir til að verja réttlætið bæði þegar það er auðvelt og þegar það er erfitt.

Á næstu dögum birtist slíkur flokkur.

> **Til að koma hreyfingu á hlutina þarf því enn meira afl að koma á móti. Það mun þurfa stjórnmálaflokka sem hafa þolgæði og festu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Aukum rétt kjósenda strax



**Þorkell Helgason**
sat í stjórnlagaráði

Traust á stjórnmálunum hefur verið lítið og er nú í lágmarki. Fólki finnst það vera haft að fífli, haldið utan við upplýsingar og ákvörðunartöku. Allur þorri kjósenda vill til dæmis að náttúruauðlindir verði lýstar þjóðareign, en í þjóðaratkvæðagreiðslunni fyrir nær fimm árum játtu þessu fjórir af hverjum fimm þeirra sem afstöðu tóku. Svipað var uppi á teningnum þegar spurt var hvort menn vildu aukið persónukjör, jafnt vægi atkvæða eða möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum um mikilvæg mál. Um allt þetta þegir gildandi stjórnarskrá eða er alls ófullnægjandi. Ekki bætir úr skák að stjórnarskráin er ruglingsleg, ef ekki beinlínis villandi, t.d. um valdsvið forseta Íslands eins og núverandi forseti benti réttilega á við setningu Alþingis.

Stjórnlagaráð tók á þessum málum öllum og mörgum fleirum á þann veg að 2/3-hluti þeirra sem tóku afstöðu lýstu því yfir að þeir vildu sjá nýja stjórnarskrá á grundvelli tillagna ráðsins. En síðan hefur fátt gerst. Stjórnarskránni verður ekki breytt fyrir komandi kosningar, en Alþingi það sem enn situr getur þó sýnt viðleitni í að auka rétt kjósenda í kjörklefanum.

### Breytingar á röð frambjóðenda

Eins og fyrr segir var yfirgnæfandi stuðningur við aukið vægi persónukjörs í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012, enda er það mörgum lítt að skapi að þurfa að kjósa frambjóðendur í kippum á listum flokkanna, enda leynist oft misjafn sauður í mörgu fé. Vald kjósenda til að hafa áhrif á það hverjir ná kjöri af listunum var þó talsvert aukið með kosningalögum sem tóku gildi um síðustu aldamót. Kjósendur geta umraðað frambjóðendum á þeim flokkslistum sem þeir merkja við, nú eða strikað út nöfn. En það er eins og þessu sé haldið leyndu og kjósendum gert erfitt um vik að nýta þennan rétt sinn. Kjörseðillinn sjálfur býður þessum merkingum kjósenda ekki heim og yfirvöld gefa engar leiðbeiningar fyrir utan gagnslítil upplýsingaspjöld sem hanga einhvers staðar á kjörstöðunum.

Viðbúið er að margir viti ekki af möguleikunum sem þó eru í boði eða séu hræddir við að ógilda kjörseðilinn með merkingum við frambjóðendur. Það væri strax til bóta að ferningur til merkinga væri framan við nöfn frambjóðenda auk þess sem yfirvöldum kosningamála væri gert skylt að upplýsa með afgerandi hætti hvað kjósendur mega gera og hvað ekki. Úr þessu tvennu væri hægt að bæta með einföldum fyrirmælum í lögum sem hægt væri að samþykkja fyrir komandi kosningar.

### Kosningabandalög

Ein ástæða þess að áhugi á kosningum fer dvínandi er sú að kjósendum finnst þeir oft kjósa köttinn í sekknum. Þeir kjósi flokk, sem lofar ýmsu en fer síðan í stjórnarsamstarf með öðrum flokkum öndverðrar skoðunar og flokkur kjósandans étur loforðin ofan í sig. Flokkarnir ættu að sýna meira á spilin fyrir kosningar um það með hverjum þeim hugnist að starfa. Ein leið til þess er að flokkar geti spyrt sig saman í kosningabandalög.

Gildandi kosningalög heimila stjórnmálasamtökum að bjóða fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi. Hængurinn er sá að listunum er ekki gert jafn hátt undir höfði. Þetta kemur strax í ljós í listamerkingunum sem verða að vera A, AA, AAA o.s.frv., sem túlka má þannig að sá fyrst nefndi sé aðallistinn og hinir ómerkilegri. Við úthlutun þingsæta eru þó allir listarnir jafn rétthá ir. Þá heimila lögin ekki að einstakir listar kosningabandalags séu skráðir með nöfnum þeirra flokka sem að þeim standa. Aftur er það lítið mál fyrir Alþingi að bæta úr þessu. Ávinningurinn gæti orðið sá að línur yrðu eitthvað ljósari fyrir kosningar um það hvaða stjórnarmynstur kæmi til greina. Hugsanlega yrðu ekki fleiri en t.d. þrenn til fern stjórnmálasamtök (einstakir flokkar eða bandalög þeirra) í framboði. Eru ekki sumir að kalla eftir stórum fylkingum? Hví ekki að bjóða nú þegar upp á þennan möguleika?

Hér hafa verið nefnd tvö dæmi um það hvernig veita mætti kjósendum aukna valmöguleika og hugsanlega betri yfirsýn yfir hvað kunni að vera í vændum að kosningum loknum. Þessu getur sitjandi þing breytt og þarf ekki til þess aukinn meirihluta eins og skylt er við breytingar á kjördæmamörkum eða tilhögun á úthlutun þingsæta. Hitt er annað mál að kosningalög þarf að endurskoða í heild sinni, og það ekki seinna en með nýrri stjórnarskrá. En það má stíga fyrstu skref strax.

> **Kjósendur geta umraðað frambjóðendum á þeim flokkslistum sem þeir merkja við, nú eða strikað út nöfn. En það er eins og þessu sé haldið leyndu og kjósendum gert erfitt um vik að nýta þennan rétt sinn. Kjörseðillinn sjálfur býður þessum merkingum kjósenda ekki heim og yfirvöld gefa engar leiðbeiningar fyrir utan gagnslítil upplýsingaspjöld sem hanga einhvers staðar á kjörstöðunum.**


Tæki færi

Framúrskarandi fyrirtæki 2016

A+++ Orkuflokkur · Zeolith® þurrkun · Tímastýrting

SIEMENS
**Uppþvottavélar, iQ500**
14 manna. Sjö kerfi. Fjögur sérkerfi. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 42 dB. Hnífaparaskúffa og hnífaparakarfa.
Tækifærisverð (hvít): SN 457W16MS
**109.900 kr.**
Fullt verð: 139.900 kr.
Tækifærisverð (stál): SN 457S16MS
**124.900 kr.**
Fullt verð: 159.900 kr.

A++ Orkuflokkur · Öryggisgler · LED-lýsing

SIEMENS
**Kæli- og frystiskápar, iQ300**
„hyperFresh"-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. „lowFrost"-tækni.
Tækifærisverð (hvítur): KG 33VXW30
Tækifærisverð (stál): KG 33VVI31
**72.900 kr.**
Fullt verð: 89.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



BETRIBILAKAUP.iS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777

| | | |
|---|---|---|
| 2018 Volvo XC90 T8 Verð frá 7.650.000 kr. | 2018 Volvo XC60 T8 Verð frá 7.300.000 kr. | 2018 Volvo S90 T8 Verð frá 7.550.000 kr. |
| 2018 Volvo V90 T8 Verð frá 7.740.000 kr. | 2016 Volvo V60 T8 Verð frá 5.350.000 kr. | 2017 Outlander Sport Verð frá 4.040.000 kr. |
| 2017 Outlander Arctic Verð frá 4.615.000 kr. | 2017 Outlander Intense+ Verð frá 5.010.000 kr. | 2017 Outlander Instyle Verð frá 5.250.000 kr. |
| 2017 Nissan Leaf Tekna+ Verð frá 3.635.000 kr. | 2017 Hyundai IQNIQ Verð frá 3.690.000 kr. | 2016 Volvo XC90 Verð frá 7.495.000 kr. |
| 2017 Toyota Yaris Hybrid Verð frá 2.490.000 kr. | 2017 Toyota Auris Hybrid Verð frá 2.990.000 kr. | 2017 Toyota C-HR Hybrid Verð frá 4.150.000 kr. |
| 2017 Toyota RAV4 Verð frá 4.890.000 kr. | 2017 Kia Optima Verð frá 3.990.000 kr. | 2017 Kia Optima Sportwagen Verð frá 4.490.000 kr. |
| 2017 Kia Niro Hybrid Verð frá 3.650.000 kr. | 2017 M.Benz S-Class 350d Verð frá 10.200.000 kr. | 2017 VW Passat GTE Verð frá 4.650.000 kr. |
| 2016 BMW 225d Verð frá 5.140.000 kr. | 2016 BMW 530d Verð frá 6.400.000 kr. | 2015 BMW i3 Verð frá 3.100.000 kr. |
| 2017 BMW 330e Verð frá 4.595.000 kr. | 2016 BMW X5 xdrive40e Verð frá 7.200.000 kr. | 2017 Tesla Model X 90D Verð frá 12.000.000 kr. |

www.betribilakaup.is

Ármúla 4-6, Reykjavík| 511 2777 -
sala@betribilakaup.is |Firðinum, Hafnarfirði



**Hilmar Árni Halldórsson**
**10 mörk í 21 leik**

**Búinn að skora í 10 leikjum**
- **70%** marka á heimavelli **(7 af 10)**
- **70%** marka í seinni hálfleik **(7 af 10)**
- **60%** marka í seinni umferð **(6 af 10)**
- **50%** marka úr föstum leikatriðum **(5 af 10)**
- **80%** marka með hægri fæti **(8 af 10)**



**Guðjón Baldvinsson**
**12 mörk í 18 leikjum**

**Búinn að skora í 10 leikjum**
- **67%** marka á heimavelli **(8 af 12)**
- **67%** marka í seinni hálfleik **(8 af 12)**
- **58%** marka í seinni umferð **(7 af 12)**
- **42%** marka úr markteignum **(5 af 12)**
- **42%** marka með hægri fæti **(5 af 12)**



**Hólmbert Aron Friðjónsson**
**11 mörk í 19 leikjum**

**Búinn að skora í 8 leikjum**
- **55%** marka á heimavelli **(6 af 11)**
- **64%** marka í seinni hálfleik **(7 af 11)**
- **55%** marka í fyrri umferð **(6 af 11)**
- **73%** marka úr vítateignum **(8 af 11)**
- **73%** marka með vinstri fæti **(8 af 11)**

# Hafði alltaf dugað þar til núna

**Þrír Stjörnumenn skoruðu tíu mörk í Pepsi-deildinni í sumar. Stjarnan er fjórða liðið í sögu efstu deildar karla í fótbolta sem á þrjá slíka markaskorara en það fyrsta sem vinnur ekki titilinn.**

**FÓTBOLTI** Mýtan um að þurfa að vera með tíu marka mann til að verða meistari er löngu dauð og nú er ekki lengur öruggt að verða meistari þótt þú sért með þrjá tíu marka menn innanborðs.

Hilmar Árni Halldórsson varð á sunnudaginn þriðji leikmaður Stjörnunnar til að skora tíu mörk í Pepsi-deildinni í sumar. Stjarnan varð þar með fyrsta liðið í átta ár og það fjórða í sögunni með þrjá tíu marka leikmenn.

Þetta markaskor þeirra Hilmars Árna Halldórssonar, Guðjóns Baldvinssonar og Hólmbert Arons Friðjónssonar er þó ekki að skila Stjörnumönnunum titlinum. Stjarnan er tólf stigum á eftir nýkrýndum Íslandsmeisturum Vals þegar ein umferð er eftir af mótinu.

Það hefur aldrei gerst áður að lið með þrjá tíu marka menn hafi ekki unnið Íslandsmeistaratitilinn og tvö af hinum þremur liðunum unnu meira að segja tvöfalt það sumar.

**Valsmenn fyrstir að ná þessu**

Fyrsta liðið sem var með þrjá tíu marka menn var Valsliðið sumarið 1976 en því náði Hlíðarendaliðið í aðeins 16 leikjum. Liðið átti þrjá markahæstu leikmenn deildarinnar þetta sumar, Ingi Björn Albertsson skoraði mest eða 16 mörk en liðsfélagar hans Hermann Gunnarsson og Guðmundur Þorbjörnsson komu næstir með 11 mörk hvor.

Við þurftum að bíða í sautján ár þar til annað lið náði þessu en þrír Skagamenn skoruðu saman 46 af 62 mörkum ÍA-liðsins sumarið 1993. Þórður Guðjónsson jafnaði markametið með því að skora 19 mörk, Haraldur Ingólfsson skoraði 14 mörk og Mihajlo Bibercic var með með 13 mörk.

**Átta ár síðan**

Þriðja liðið var síðan FH-liðið frá 2009 en það var annað tímabilið eftir að fjölgað var í tólf lið í deildinni. Atli Viðar Björnsson skoraði þá 14 mörk, Atli Guðnason var með 11 mörk og Matthías Vilhjálmsson skoraði 10 mörk auk þess að leggja upp önnur ellefu fyrir félaga sína. Atli Guðnason komst síðastur í hópinn í 21. og næstsíðustu umferð en hann skorað þrjú marka sinna í síðustu tveimur umferðunum.

Guðjón Baldvinsson og Hólmbert Aron Friðjónsson komust báðir í tíu mörkin í 19. umferð og Hilmar Árni bættist síðan í hópinn í fyrradag.

**Meistarar án tíu marka manns**

Það stefnir nú í það að þriðja árið í röð eigi Íslandsmeistaraliðið ekki tíu marka mann. FH-ingar áttu ekki tíu marka mann tvö síðustu ár því Steven Lennon skoraði 9 mörk 2015 og Atli Viðar Björnsson var markahæstur með 7 mörk í fyrra.

Markahæstu leikmenn Íslandsmeistaraliðs Vals í ár eru þeir Guðjón Pétur Lýðsson og Sigurður Egill Lárusson sem báðir hafa skorað 7 mörk. **ooj@frettabladid.is**

## Þrír tíu marka menn í sama liði í efstu deild karla

### Valur 1976

**Íslandsmeistari og Bikarmeistari**

**Ingi Björn Albertsson**
**16 mörk**
**Hermann Gunnarsson 11 mörk**
**Guðmundur Þorbjörnsson 11 mörk**

**Skoruðu 84 prósent markanna (38 mörk af 45)**

### FH 2009

**Íslandsmeistari**

**Atli Viðar Björnsson**
**14 mörk**
**Atli Guðnason 11 mörk**
**Matthías Vilhjálmsson 10 mörk**

**Skoruðu 61 prósent markanna (35 mörk af 57)**

### ÍA 1993

**Íslandsmeistari og Bikarmeistari**

**Þórður Guðjónsson 19 mörk**
**Haraldur Ingólfsson 14 mörk**
**Mihajlo Bibercic 13 mörk**

**Skoruðu 74 prósent markanna (46 mörk af 62)**

### Stjarnan 2017

**2. eða 3. sæti**

**Guðjón Baldvinsson**
**12 mörk**
**Hólmbert Aron Friðjónsson 11 mörk**
**Hilmar Árni Halldórsson 10 mörk**

**Hafa skorað 73 prósent markanna (33 mörk af 45)**




## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Grótta - ÍBV 23-24**
**Grótta:** Bjarni Ófeigur Valdimarsson 8, Júlíus Þórir Stefánsson 4, Ásmundur Guðjónsson 3, Jóhann Kaldal Jóhannsson 3, Hannes Grimm 2, Maximilian Jonsson 2, Þórir Jökull Finnbogason 1
**ÍBV:** Sigurbergur Sveinsson 8, Róbert Aron Hostert 5, Theodór Sigurbjörnsson 3, Magnús Stefánsson 2, Elliði Snær Viðarsson 2, Friðrik Hólm Jónsson 1, Róbert Sigurðsson 1, Grétar Þór Eyþórsson 1, Logi Snædal Jónsson 1

**Fram - Selfoss 33-35**
**Fram:** Sigurður Örn Þorsteinsson 8, Arnar Birkir Hálfdánsson 7, Valdimar Sigurðsson 4, Andri Þór Helgason 3, Þorgeir Bjarki Davíðsson 2, Matthías Daðason 2, Jónatan Vignisson 2, Svanur Páll Vilhjálmsson 2, Bjartur Guðmundsson 2, Andri Dagur Ófeigsson 1
**Selfoss:** Teitur Örn Einarsson 11, Elvar Örn Jónsson 6, Haukur Þrastarson 6, Hergeir Grímsson 5, Atli Ævar Ingólfsson 3, Guðni Ingvarsson 3, Einar Sverrisson 1

**Haukar - FH 23-27**
**Haukar:** Daníel Þór Ingason 10, Hákon Daði Styrmisson 6, Atli Már Báruson 3, Jón Þorbjörn Jóhannsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Heimir Óli Heimisson 1
**FH:** Ísak Rafnsson 6, Ágúst Birgisson 6, Óðinn Þór Ríkharðsson 5, Ásbjörn Friðriksson 4, Arnar Freyr Ársælsson 3, Einar Rafn Eiðsson 2, Jóhann Karl Reynisson 1

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 3 | 3 | 0 | 0 | 102-79 | 6 |
| Valur | 3 | 3 | 0 | 0 | 67-59 | 6 |
| ÍR | 3 | 2 | 0 | 1 | 84-67 | 4 |
| Selfoss | 3 | 2 | 0 | 1 | 95-86 | 4 |
| Haukar | 3 | 2 | 0 | 1 | 73-69 | 4 |
| Stjarnan | 3 | 1 | 2 | 1 | 81-78 | 4 |
| ÍBV | 3 | 2 | 0 | 1 | 74-75 | 4 |
| Fjölnir | 3 | 0 | 1 | 2 | 67-78 | 1 |
| Víkingur | 3 | 0 | 1 | 2 | 71-83 | 1 |
| Afturelding | 3 | 0 | 1 | 2 | 80-86 | 1 |
| Fram | 3 | 0 | 1 | 2 | 84-103 | 1 |
| Grótta | 3 | 0 | 0 | 3 | 66-81 | 0 |

### LEIKJAHÆSTUR FRÁ UPPHAFI

Gareth Barry varð í gær leikjahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi. Barry bar fyrirliðabandið í leik Arsenal og West Bromwich Albion í 6. umferð ensku úrvalsdeildarinnar, og var það 633. leikur Barry í deildinni. Metið var áður í höndum Ryan Giggs, fyrrverandi leikmanns Manchester Untied, en hann lék 632 deildarleiki fyrir United. Barry hefur leikið með fjórum félögum í ensku úrvalsdeildinni. Aston Villa, Manchester City, Everton og nú West Bromwich Albion.

### JAPANINN SAMDI VIÐ VAL

Það voru tíðindi úr herbúðum Olís-deildarliðanna Vals og FH í gær.
Japanski landsliðsmaðurinn Ryuto Inage skrifaði í dag undir samning við Valsmenn út þessa leiktíð. Hann kemur til félagsins frá Wakunaga. Hann hefur verið til skoðunar hjá Valsmönnum í nokkurn tíma og nú er ljóst að hann spilar á Hlíðarenda í vetur.
Þá framlengdi hinn öflugi leikmaður FH, Ágúst Birgisson, samning sinn við FH í dag til ársins 2020. Hann hefur verið í lykilhlutverki hjá FH í vörn sem og á línunni. Ágúst var valinn besti varnarmaður Olís-deildarinnar á síðasta tímabili.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | **Meistarad.messan** | Sport |
| 18.40 | **Dortm.-Real Madrid** | Sport 5 |
| 18.40 | **Man.City-Shakhtar** | Sport 3 |
| 18.40 | **Spartak-Liverpool** | Sport 2 |
| 18.40 | **Apoel - Tottenham** | Sport 4 |
| 20.45 | **Meistarad.mörkin** | Sport |

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 26. SEPTEMBER 2017

# Florealis – Nýjung á markaðnum

Vistor hf. kynnir: Fjölbreytt úrval jurtalyfja og lækningavara með viðurkennda virkni við ákveðnum sjúkdómum.






Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem þróar og markaðssetur jurtalyf og lækningavörur við ýmsum vægum sjúkdómum,“ segir Guðný Traustadóttir, markaðstengill hjá Vistor hf. „Fyrstu vörurnar eru komnar í helstu apótek á Íslandi og snemma á næsta ári munu þær fást í apótekum í Svíþjóð.“

### Fjölbreytt vöruúrval

Framboð Florealis verður mjög fjölbreytt en nú eru komnar á markaðinn fjórar lækningavörur sem eiga það sameiginlegt að hafa virk innihaldsefni úr jurtum. Vörulínan er byggð upp með það að markmiði að bjóða upp á valkost sem byggir á virkum efnum úr náttúrunni en jafnframt að tryggja gæði, öryggi og virkni vörunnar.

Flest höfum við fundið fyrir ýmiss konar óþægindum eða vægum veikindum sem draga þó úr lífsgæðum. Markmið Florealis er að fólk geti fengið gæðavörur við hæfi til að draga úr þessum óþægindum og lágmarkað röskun á daglegu lífi.



Florealis lækningarvörur.

**» Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem þróar og markaðssetur jurtalyf og lækningavörur við ýmsum vægum sjúkdómum.**

### Vörur fyrir konur sem þjást af óþægindum á kynfærasvæði

● Rosonia – Froða fyrir kynfærasvæði. Froðan er ætluð til meðferðar á óþægindum og sýkingum á ytri kynfærum (bakteríu-, veiru- og sveppasýkingum).



Rosonia froða.

● Rosonia myndar virkan varnarhjúp sem heldur örverum frá sýkta svæðinu og gefur slímhúðinni tækifæri til að endurnýja sig. Froðan inniheldur jurtaútdrátt úr skógarstokkskrós (mallow) sem er ríkur af næringarefnum, er rakagefandi og hjálpar við uppbyggingu vefja. Rosonia er CE merkt lækningavara.

● Liljonia mjúk hylki í leggöng. Hylkin eru ætluð til meðferðar á sýkingum í leggöngum (bakteríu-, veiru- og sveppasýkingum). Hylkin leysast upp og mynda einstakan varnarhjúp gegn örverum sem veitir slímhúðinni svigrúm til að endurnýja sig. Liljonia er CE merkt lækningavara.

● Nota má Rosonia og Liljonia saman til að vinna á óþægindum ef sýking er bæði á ytri kynfærum og inni í leggöngunum.



Liljonia, mjúk hylki í leggöng.



Aleria bólukrem.

### Húðvörur

● Aleria bólukrem. Kremið er ætlað til meðferðar á bólum og óhreinindum í húð. Kremið hefur bakteríudrepandi eiginleika, auk þess sem það flýtir fyrir endurnýjun húðarinnar og veitir næringu og raka. Aleria er CE merkt lækningavara.

● Liljeria frunsukrem. Kremið er ætlað til meðferðar við frunsum. Liljeria myndar virkan varnarhjúp sem kemur í veg fyrir að sýkingin dreifi sér, dregur úr einkennum (kláða og sviða) og gefur húðinni tækifæri til að gróa hraðar. Liljeria er CE merkt lækningavara.

Eitt af virku efnasamböndunum í vörunum eru TIAB silfurjónir sem eru örveruhemjandi og mynda varnarhimnu yfir sýkta svæðið og hindra þannig að sýkingin dreifist. Varnarhimnan myndar þannig ákjósanlegar aðstæður fyrir gróanda og endurnýjun húðarinnar.

### Fleiri vörur frá Florealis á næstunni

„Fleiri vörur eru á leiðinni frá Florealis í haust,“ segir Guðný. „Við erum mjög spennt fyrir því að fyrsta jurtalyfið sem hefur hlotið skráningu á Íslandi er væntanlegt í nóvember en það heitir Lyngonia og er með jurtaútdrátt úr sortulyngi. Það er við vægum endurteknum þvagfærasýkingum hjá konum. Einnig er von á geli við leggangaþurrki og rýrnun í slímhúð í leggöngum. Í gelinu er jurtaútdráttur úr rauðsmára.“

### Náttúrulegar lausnir

Um gjörvalla Evrópu er fólk í auknum mæli að leita í náttúrulegar lausnir hvort sem um er að ræða matvæli, fatnað, lyf eða lækningavörur. Í árþúsundir hefur maðurinn leitað í jurtir til að lækna ýmsa algenga sjúkdóma og á síðustu árum hefur orðið mikil þróun á því sviði.



Liljeria frunsukrem.

### Auknar kröfur um gæði og öryggi

Kolbrún Hrafnkelsdóttir lyfjafræðingur er forstjóri Florealis en hún hefur áralanga reynslu í lyfjaþróun. „Í jurtum og náttúrunni eru ótal mörg efni sem hafa vísindalega sannaða virkni við ýmsum sjúkdómum og sagan segir okkur að fólk hafi nýtt sér það um aldir. Með aukinni þekkingu koma auknar kröfur um gæði og öryggi sem við höfum haft að leiðarljósi í allri okkar vinnu,“ útskýrir Kolbrún.

Evrópska lyfjamálastofnunin hefur gefið út staðla og lyfjaforskriftir fyrir viðurkennd jurtalyf og á þeim grunni er Florealis að koma með á markað þrjú jurtalyf og fimm lækningavörur að auki, að sögn Kolbrúnar.

Florealis vörurnar fást í helstu apótekum
www.florealis.com
https://www.facebook.com/florealis/

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ




MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu



**Hrafnhildur Ólafsdóttir** starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni

*„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofið betur í mörg ár.“*

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM
balsam.is




Purelife Kísill

HREIN SILICA FYRIR HÚÐ HÁR OG NEGLUR

MAMMAVEITBEST.IS

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Vörubílar & vinnuvélar

ÞRIÐJUDAGUR 26. SEPTEMBER 2017

**Kynningar:** Klettur, Aflvélar, Hekla, Kraftvélar, Bílaumboðið Askja, Ratio, Kraftur, Solis, Bílabúð Benna




## Vinsælasti bíllinn í áratugi

Það er engin tilviljun að Scania vöru- og flutningabílar eru með um 40% markaðshlutdeild hér á landi. Undanfarið ár hefur fyrirtækið kynnt nýjar tegundir til sögunnar sem munu auka styrk þess enn frekar á verktakamarkaði.

MYND/ANTON BRINK

Sænski risinn Scania hefur um nær tveggja áratuga skeið verið leiðandi aðili á íslenskum markaði þegar kemur að vöru- og flutningabílum sem eru 16 tonn eða stærri. Markaðshlutdeild Scania á Íslandi var um 40% á síðasta ári og segir Bjarni Arnarson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kletts, sem er umboðs-, sölu- og þjónustuaðili fyrir Scania, að allt líti út fyrir góða hlutdeild í ár enda hefur Scania verið vinsælasti bíllinn hér á landi í áratugi. „Núna hefur Scania uppfært alla vörubílalínuna hjá sér. Undir lok síðasta árs kynnti fyrirtækið t.d. alveg nýjan bíl en þar er um að ræða R og S seríuna. Síðarnefnda serían hefur t.d. slétt gólf í bílhúsinu og því engan mótorkassa. Það hentar vel þeim t.d. þurfa að keyra mjög langar vegalengdir og þurfa að búa í bílnum. R húsið er þó með örlitlum mótorkassa. Fyrstu R og S bílarnir komu til landsins í byrjun árs og um þessar mundir eru fyrstu tveggja drifa bílarnir sem beðið hefur verið eftir að koma til landsins og búast má við góðum viðtökum.“

## Sterkari á verktakamarkaði

Nú á dögunum voru G og P línurnar kynntar til sögunnar með minni húsum en þeir eru meira hugsaðir fyrir innanbæjarakstur, verktakavinnu og álíka verkefni. „Á sama tíma var svo sérstök verktakaútfærsla kynnt sem heitir Scania XT sem er með sterkum framstuðara og vörnum undir bílnum og að framan. Þessi bíll er ætlaður við erfið skilyrði og erfiðar áskoranir. Með honum er Scania að stíga eitt skref í viðbót til að auka styrk sinn á verktakamarkaði. Til viðbótar má nefna að Scania hefur verið mjög framarlega í vélaþróun undanfarna áratugi. Í þessum nýju línum lofa þeir t.d. 7-10% eldsneytissparnaði á nýju V8 vélalínunni auk þess sem allur mengunarbúnaður er einfaldari en áður en uppfyllir að sjálfsögðu ströngustu kröfur.“



Bjarni Arnarson er framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kletts. MYND/ANTON BRINK

Það eru ekki bara nýir bílar frá Scania sem njóta vinsælda hér á landi, töluverður innflutningur er líka á notuðum bílum að sögn Bjarna, þá helst frá Norðurlöndunum. „Scania bílarnir eru líka langvinsælastir þegar kemur að innflutningi á notuðum bílum, þá helst vegna þess hve áreiðanlegir þeir eru og hagkvæmir í rekstri.“

## Bullandi tækifæri

Scania er einnig þekkt fyrir metanbílana sína og eru margir slíkir komnir í notkun hér á landi segir Bjarni. „Reykjavíkurborg notar t.d. níu metanknúna sorpbíla sem borgin hefur tekið í notkun á síðustu árum. Á Akureyri er líka einn nýr Scania Citywide strætisvagn í fullri notkun en hann gengur fyrir metani og smellpassar því við þá stefnu bæjarfélagsins að vera vistvænn bær. Auk þess afhendum við nýlega tvo metangámaflutningabíla fyrir Íslenska gámafélagið og Gámaþjónustuna. Þeir eru um 90% umhverfisvænni en sambærilegir dísilbílar. Það eru sannarlega bullandi tækifæri hér á landi til að nota innlenda orku og þar kemur kemur Scania sterkt inn.“

Góð þjónusta er þó fyrst og fremst aðalsmerki Kletts segir Bjarni. „Við erum með starfsmenn á vakt allan sólarhringinn og hér snýst allt um að viðskiptavinir okkar fái góða þjónustu þegar þeir þurfa á henni að halda halda.“




Scania XT er sérstök verktakaútfærsla, ætlaður fyrir erfið skilyrði.



Aðstaðan í Scania R er stórglæsileg og plássið er einstaklega gott.

Nánari upplýsingar má finna á www.klettur.is.






Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Samsettur úr nokkrum bílum

**Þeir Friðrik S. Halldórsson og Guðni Ingimarsson hafa síðustu þrjú ár unnið að smíði átta hjóla trukks sem nota á til að ferja ferðamenn um hálendið og upp á jökla.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Friðrik segir ævintýraþrána hafa verið rót þess að þeir Guðni fóru út í þetta viðamikla verkefni. „Við áttum hásingar og ákváðum að setja þær í einn bíl og gera eitthvað mikið og stórt,“ segir Friðrik sem er viðskiptafræðingur með ólæknandi bíladellu og hefur smíðað nokkra bíla í gegnum tíðina. Guðni er bílaverkfræðingur og aðalhugmyndasmiðurinn í verkefninu. Þeir hafa verið saman í þessum bílabransa í 35 ár, eða allt frá því þeir voru saman í menntaskóla.

Verkið hófst fyrir þremur árum og um þessar mundir eru þeir að leggja lokahönd á verkið. „Hásingarnar undir bílnum eru af Unimog en framendinn af Chevrolet Kodiak sem við keyptum sérstaklega að utan í þetta verkefni. Tveir Chevrolet Van bílar fóru í afturhluta yfirbyggingarinnar en grindin er úr MAN vörubíl,“ lýsir Friðrik.

Þeir félagar sáu að mestu um alla vinnu sjálfir en fjölmargar hindranir urðu á vegi þeirra. „Það er alltaf eitthvað sem kemur upp á sem þarf að leysa. Við byrjuðum til dæmis á að smíða grindina sjálfa og svo var heilmikið mál að láta hana passa við framendann á Kodiaknum. Þá vorum við með heilmiklar pælingar um hvernig væri best að leysa stýrismálin því bíllinn er með fjórar hásingar og beygir á tveimur framhásingum. Vorum að velta fyrir okkur hvaða hlutföll ættu að vera milli fram- og afturbeygju og svo framvegis.“

Friðrik og Guðni höfðu enga sérstaka fyrirmynd að útliti bílsins. „Við ákváðum að gera þetta aðeins öðruvísi en allir hinir og útlitið er því mikið til sprottið úr eigin hugarfylgsnum.“

Á bílnum eru átta 54 tommu hjól. Vélin er úr Chevrolet Kodiak. „Þetta er 8 strokka dísilmótor, 6,6 lítra. Vélin er bara 310 hestöfl eins og er en við eigum eftir að bæta aðeins í,“ segir Friðrik en bíllinn er ætlaður ökumanni og tíu farþegum. „Við vildum hafa dálítinn lúxus og erum því ekki með bekki heldur þægileg sæti fyrir hvern og einn.“

Bíllinn var prófaður í fyrsta sinn á jökli í lok ágúst þegar farið var með hann upp á Langjökul. „Það tókst mjög vel og hann lofar góðu,“ segir Friðrik. Bíllinn verður notaður mest í jöklaferðir þó geta hans sé mun víðfeðmari. „Það er mjög gott að aka honum á þjóðvegum landsins, hann kemst vel upp í níutíu,“ segir Friðrik og er ánægður með hversu vel hann lætur að stjórn.

Þeir félagar ætla sér að gera bílinn út fyrir ferðamenn. Næstu skref hjá þeim félögunum eru að fullklára bílinn og koma honum í skoðunarferli hjá Samgöngustofu áður en hann verður klár í ferðamannaslaginn.



Friðrik og Guðni eru ánægðir með útkomuna enda guli trukkurinn stórglæsilegur á að líta.



Sætin fyrir farþegana verða mjög þægileg.



Bíllinn stendur sig vel bæði á þjóðvegum og jöklum.





Friðrik Ingi Friðriksson við nýjan bíl með Schmidt framtönn, undirtönn og salt- og sanddreifara. MYNDIR/ANTON BRINK



Hér má sjá inn í nýjan sýningarsal Aflvéla.



Schmidt salt- og sanddreifari, tilbúinn til afhendingar fyrir Vegagerðina.

# Sterkastir á vegum og flugvöllum

**Í tæp 40 ár hafa Aflvélar séð íslenskum ferðalöngum fyrir öryggi á vegum og flugvöllum. Fyrirtækið slær í takt við tímann og hefur nú látið íslenska stjórnbúnað vinnutækja sem tryggir öryggi og sparnað.**

Á Íslandi stoðar lítt að vera með veikbyggð tæki í vegavinnu, hálkuvörnum og snjómokstri og því selja Aflvélar eingöngu níðsterk og þrautreynd tæki sem falla best að íslenskum aðstæðum," segir Friðrik Ingi Friðriksson, eigandi og forstjóri Aflvéla.

Friðrik Ingi er úr þriðja ættlið sem stýrir þessu fjölskyldufyrirtæki sem byggir á hinu 87 ára gamla fyrirtæki, Burstagerðinni.

„Það var afi minn, Hróbjartur Árnason burstagerðarmeistari, sem stofnaði fyrirtækið 1930 undir nafninu Burstagerðin," útskýrir Friðrik Ingi. „Afi var eini Íslendingurinn sem fékk meistarabréf í burstagerðarið og því brautryðjandi á þessu sviði hér á landi."

Á upphafsárunum seldi Burstagerðin bursta í flugbrautasópa en þegar umboðsaðili fyrirtækisins ytra hóf að framleiða vélar fyrir burstana tók Burstagerðin að selja vélar þeirra á flugvellina hér heima.

„Þá stofnuðum við Aflvélar til að halda utan um vélareksturinn. Við erum þó enn trúir upprunanum því Burstagerðin var rekin áfram sem sér fyrirtæki og er enn í fullum rekstri með bílakústa, sem finna má á öllum bensínstöðvum, burstamottur í anddyri, verksmiðjukústa fyrir álverin og ýmsa sérframleiðslu fyrir fiskiðnaðinn og fleira," segir Friðrik Ingi.

## Tæki fyrir allar árstíðir

Aflvélar hafa í áratugi verið með umboð fyrir fleiri en einn af stærstu vélaframleiðendum Evrópu í tækjum til snjóruðnings og hreinsunar á vegum og flugvöllum, og er svissneski framleiðandinn Aebi-Schmidt flaggskip Aflvéla.

„Íslenskar aðstæður, með tilheyrandi ísingu, kalla á sterkustu tækin, meðal annars öflugar undirtennur undir flugbrautartrukka og snjóruðningsbíla. Vegagerðin kaupir af okkur sand- og saltdreifara frá Aebi-Schmidt sem hún notar víðsvegar á landinu, ásamt snjótönnum framan á vörubíla. Við seljum líka mikið af fjölplógum á dráttarvélar og fjölnota tæki fyrir bændur, verktaka og sveitarfélög. Þar að auki snjóblásara og ýmis tæki sem tengjast dráttarvélum og vinnuflokkabílum, ásamt sérútbúnum bílum fyrir flugvelli og verktaka."

> **Með ferilvöktun er strax hægt að fá nákvæmar upplýsingar á netinu; hvar tækin eru, hverju er dreift, á hvaða hraða og hversu mörg grömm fara á fermetra.**

Hjá Aflvélum fæst tækjabúnaður fyrir allar tegundir ökutækja, dráttarvéla, vörubíla og pallbíla, og fyrir allar árstíðir. Þá er þar nýtt verkstæði sem sér um ásetningar og smíðar fyrir viðskiptavini.

„Sumarið kallar líka á tækjakost Aflvéla og seljum við mörg tæki til sumarverka, eins og götusópa og sópa á dráttarvélar. Þar að auki selja Aflvélar iðnaðarryksugur, innihreinsivélar og gólfþvottavélar," upplýsir Friðrik Ingi.

## Íslensk stjórnborð

Aflvélar bjóða nú íslenskuð stjórnborð í nýjustu tækin frá Aebi-Schmidt, svo sem sand- og saltdreifara, götusópa og fleira.

„Nú er mikið að gerast í stýribúnaði vinnutækja sem eru komin í ferilvöktun sem meðal annars Vegagerðin er farin að nýta sér. Með ferilvöktun er hægt að fá nákvæmar upplýsingar jafnóðum á netinu; um hvar tækin eru, til dæmis sand- og saltdreifarar; hverju er verið að dreifa með þeim, á hvaða hraða og hversu mörg grömm af sandi/salti/pækli eru notuð á fermetra. Allar upplýsingar eru svo geymdar í sjö ár í erlendum gagnabanka," útskýrir Friðrik Ingi.



Hér má sjá nýjan stjórnbúnað á íslensku fyrir sand-og saltdreifara og nýjan stjórnbúnað fyrir tennur með léttibúnaði.



Fjölplógar og vagnar fyrir dráttarvélar.

Hann segir ferilvöktun líka gegna öryggishlutverki.

„Með ferilvöktun er hægt að stjórna verkferlum og skoða hvað var gert og á hvaða tíma, komi eitthvað upp á. Nú þegar er þessi stjórnbúnaður kominn í gagnið á flugvöllum, því ef eitthvað kemur upp á við flugvélarnar er hægt að sjá hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis. Þá hefur ferilvöktun einnig áhrif á eftirfylgni og sparnað, því hægt er að fylgjast nákvæmlega með því hvað gert er og hægt að stoppa það ef ekki er rétt gert. Margir sjá strax mikinn sparnað í notkun stjórnbúnaðarins sem setja má í mörg tæki, en er mest notaður fyrir sand- og saltdreifara í dag."

Aflvélar eru í Vesturhrauni 3, Garðabæ. Sími 480 000. Sjá aflvelar.is.

# Riddarinn kom á gulri gröfu

## Það fá ekki allar konur MAN-vörubíl í afmælisgjöf en Sigrún Hjartardóttir í Reykholtsdal fékk einmitt einn slíkan frá sínum heittelskaða. Vinnuvélar og vörubílar spila rómantískt stef í lífi þeirra.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Þetta er alls ekki fyrsti bíllinn sem ég fæ í tækifærisgjöf," segir Sigrún og hlær. „Maðurinn minn er vélasjúkur og eys í mig bíla- og vélagjöfum til að réttlæta kaupin. Þannig fylgir sögunni við kaffiborðið að það hafi verið ég sem fékk hann til að kaupa nýjustu græjuna; hann sjálfur hafi ekki einu sinni kært sig um hana."

Þau hjón, Sigrún og Einar Steinþór Traustason, reka verktakafyrirtæki í uppsveitum Borgarfjarðar og búa í Reykholtsdal, mitt á milli Reykholts og Kleppsjárnsreykja. Meðal verkefna er vélavinna fyrir Vegagerðina, ísgöngin í Langjökli og við Deildartunguhver þar sem farið hefur fram mikil jarðvinna vegna nýju jarðbaðanna Kraumu, sem verða opnuð 5. október.

„Við erum með vélaútgerð og 25 hænur," segir Sigrún sem æfði japönsku bardagaíþróttina aikido um árabil og rekur líkamsræktarstöðina Heilsuhof í þriðjungshluta af skemmu Einars, þar sem hann sinnir vélaviðhaldi.

„Héðan úr sveitinni eru 35 kílómetrar í Borgarnes og fram í Húsafell, og því ansi langt í ræktina, eða 70 kílómetrar fram og til baka. Því langaði mig að opna heilsurækt fyrir sveitungana þar sem ég kenni

> **Vinnuvélar og vörubílar eru rómantískur þráður í ástarsögu okkar, og orti sveitungi okkar brag um völundarhúsið sem ég þræddi þegar ég fór fyrst í heimsókn til Steina míns og þurfti leiðbeiningar fram hjá flotanum til að komast að húsinu og finna manninn.**

meðal annars aikido. Ég er þar þó ekki allan daginn, heldur er þetta byggt á trausti og fólk kemur sjálft til að fara á bretti og lyfta lóðum."

Nýi vörubíllinn sómir sér vel á hlaðinu innan um gröfur, gulan Benz, bláa Scaniu og gamlan, appelsínugulan Volvo-vörubíl sem kallaður er Húddarinn. Flestallt eru það vinnuvélar sem Sigrún hefur „keypt sér" eða fengið gefins frá Steina sínum.

„Uppáhaldsbíllinn minn er appelsínuguli Volvoinn sem mér finnst stásslegur á hlaðinu. Til heiðurs sænsku drottningunni köllum við hann Silvíu og í daglegu



**Sigrún við uppáhaldsvörubílinn sinn; gamlan Volvo sem stundum kallast húddari. Hann ber nafnið Silvía til heiðurs Svíadrottningu.** MYND/ÚR EINKASAFNI

tali tölum við um að fara á Silvíu," segir Sigrún sposk.

Sjálf á hún rútu, ein og sér.

„Í sveitinni er margt handverksfólk og því datt mér í hug að setja upp handverksmarkað við Deildartunguhver. Þá var Sæmundur Sigmundsson í Borgarnesi með rútu sem hann var hættur að nota, en ég fékk hana sætislausa því hún hafði verið með svo góðum sætum að þau voru notuð í aðra rútu. Við settum upp skyggni á rútuna, inn í hana borð og hengi, og þarna rak ég markað á hverjum degi í fjögur sumur. Rútan er nú komin heim en hún gegndi líka hlutverki búningsklefa fyrir leikara í Hross í oss, sem var kvikmynduð hér í uppsveitunum," upplýsir Sigrún.

Einar er fæddur og uppalinn í Reykholtsdal en Sigrún er Reykvíkingur sem starfaði árum saman á markaðsskrifstofu Icelandair í Orlando og síðar við hótelstjórn í sömu borg.

„Ég kom heim í desember 2001 og leist þá ekkert á að vera þar lengur. Ég var úti 11. september sama ár, sem er afmælisdagurinn minn, og ekkert voða gaman að það sé þriggja mínútna þögn í Bandaríkjunum þegar ég á afmæli," segir Sigrún, sem varð óvænt fyrir örvum Amors þegar hún tók sér tímabundið starf á Fosshóteli í Reykholti.

„Ég lofaði að stýra hótelinu í ár en varð svo eftir í sveitinni þegar Steini kom eins og riddari á gulri gröfu einn snjóþungan dag og bjargaði mér. Vinnuvélar og vörubílar eru því rómantískur þráður í ástarsögu okkar því Bjartmar Hannesson, sveitungi okkar og höfundur Hæ, hó, jibbí jei, orti brag á þorrablóti um það völundarhús sem ég þræddi þegar ég fór fyrst í heimsókn til Steina og þurfti leiðbeiningar fram hjá flotanum til að komast að húsinu og finna manninn," segir hún og skellihlær, enda sátt í sveitasælunni.

„Það voru umskipti að fara úr borgarysnum yfir í sveitina, en ég væri ekki til í að skipta. Ég kann ljómandi vel við mig í sveitinni þar sem ríkir góður andi og velvilji á milli sveitunga. Áhugi á vinnuvélum hefur þó lítt aukist en ég held áfram að taka við gjöfunum."




TROJAN RAFGEYMAR

**fyrir vinnulyftur, gólfþvottavélar og fleiri smærri vélar**

Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.



Trojan BATTERY COMPANY
MASTER DISTRIBUTOR

HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

REKSTRARLAND

olís

# Fullkominn fyrir fjölbreytt verkefni

## Reynslan er gríðarlega góð af Volkswagen Transporter sem staðið hefur vaktina í rúmlega 65 ár.

Transporter er hluti af Volkswagen T6 atvinnubílalínunni sem samanstendur af Transporter, Caravelle og Multivan en þeir byggja allir á arfleifð hins þekkta Volkswagen „rúgbrauðs“.

„Transporter er hannaður til að ráða við fjölbreytt verkefni og hægt er að fá hann sérsniðinn að þörfum viðskiptavina okkar. Þá er hann einn af fáum sendibílum sem bjóðast með fjórhjóladrifi sem getur svo sannarlega gert gæfumuninn hér á Íslandi,“ segir Kjartan Sveinsson, söluráðgjafi Volkswagen atvinnubíla.

Þegar sest er inn í Transporter tekur maður strax eftir hvernig öllu er raðað niður á sniðugan máta, innan seilingar, og hve þægilegt er að stilla sætin. „Fjöldi geymslukosta í stjórnrýminu hjálpar til við að halda fullkomnu skipulagi á löngum vinnudegi og með læsanlegu hanskahólfi, hólfi fyrir tommustokkinn og góðum glasahaldara eru þér allir vegir færir.“

### Lipur í akstri

Eins og allir atvinnubílar úr T6 línunni býðst Transporter með 4Motion fjórhjóladrifi en það er útbúið 7 þrepa gírskiptingu með tvöfaldri kúplingu sem gerir bílinn léttari en gefur ökumanni meiri stjórn í akstri og frábæra aksturseiginleika. Hann er fáanlegur með rennihurðum á báðum hliðum og vængjahurð að aftan með glugga. Með tveimur hjólahafslengdum og þremur þakútgáfum er hægt að fá farmrými frá 5,8 m³ upp í 9,3 m³.

Transporter má laga fullkomlega að þörfum hvers og eins enda eru kostirnir margir og fjölbreyttir. Mögulegt er að vera með tvö sæti í stjórnrýminu, bæta við bekk fyrir farþega, velja minna eða stærra farmrými. Hámarksburðargeta Transporter er 1,4 tonn.

„Við sem störfum hjá Volkswagen atvinnubílum sérhæfum okkur í að mæta þörfum einstaklinga og fyrirtækja sem vilja traustar og áreiðanlegar bifreiðar“, segir Kjartan og bætir við að auk Volkswagen atvinnubíla bjóði Hekla upp á heildarlausnir í bílamálum fyrirtækja en úrval vörumerkja Heklu er mikið, allt frá litlum vistvænum smábílum upp í stóra sendibíla og lúxusbíla.




Hinrik Valsson og Kjartan Sveinsson, söluráðgjafar Volkswagen atvinnubíla. MYND/ANTON BRINK.



# Skilar sér út í umferðina

**Íslandsmeistarakeppnin í ökuleikni fer fram dagana 30. september og 1. október en hún hefur verið haldin árlega frá árinu 1978. Keppnin er tvískipt og er annars vegar um að ræða rútu- og trukkakeppni og hins vegar keppni á fólksbílum. Keppnin er aðallega hugsuð til gamans.**

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Á Íslandsmeistaramótinu í ökuleikni er bæði er boðið upp á einstaklings- og liðakeppni og eru veitt verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Að sögn Páls Halldórs Halldórssonar, sem situr í stjórn Brautarinnar sem heldur keppnina, er þó aðallega keppt um heiðurinn. Keyrt er á milli stanga, fram hjá keilum og yfir planka og gengur keppnin út á að gera sem fæstar villur. „Þetta snýst aðallega um að sýna öryggi og færni en síður um að aka á miklum hraða,“ segir Páll. Hann segist ánægðastur með að þátttakan skili sér aftur út í umferðina og eru mörg dæmi þess.

Rútu- og liðakeppnin fer fram á laugardeginum en skilyrði fyrir þátttöku í henni eru aukin ökuréttindi. Páll segir mörg af stóru fyrirtækjunum hvetja starfsmenn sína til þátttöku og nefnir rusla- og gámafyrirtækin sem dæmi en starfsmenn þeirra þurfa oft að sýna mikla leikni við akstur um þröngar götur og port. „Þá hafa ferðaþjónustufyrirtækin verið dugleg að hvetja fólk sitt til dáða en ökumenn þeirra aka ekki síður við krefjandi aðstæður.“

Páll segir keppnina aðallega hugsaða til gamans. „Sumir koma út úr brautinni yfir sig hissa á eigin færni á meðan aðrir furða sig á því hvað þeir gerðu margar villur,“ segir hann og hlær. Hann segir atvinnubílstjórana yfirleitt ekki æfa sig sérstaklega. „Flestir láta duga að mæta til leiks á keppnisdag. Ég veit hins vegar til þess að menn æfa sig meira fyrir fólksbílakeppnina.“

Sjálfur er Páll margfaldur Íslandsmeistari í ökuleikni. „Ég æfði mig nú aðallega með því að aka yfir og sprengja tómar kókómjólkurfernur á sínum tíma. Það skilaði sínu.“

Aðspurður segir Páll keppendur ekki þurfa að mæta á eigin bílum. „Í rútu- og trukkakeppninni á laugardeginum verður ekið á Mercedes Benz sem Askja og Austfjarðarleið lána en í Fólksbílakeppninni á sunnudeginum verður ekið á VW bifreiðum frá Heklu.“

Keppnin verður að sögn Páls með örlítið breyttu sniði í ár. „Í fólksbílakeppninni verða tvö þrautaplön og aka keppendur tvisvar hvort plan á sitthvorum bílnum. Í rútu- og trukkakeppninni verður sama plan fyrir stórar rútur og flutningabíla og annað fyrir smárútur og sendibíla.“ Hægt er að kynna sér þrautaplönin nánar á brautin.is.



**Páll segir keppnina aðallega snúast um öryggi og færni en síður um að aka á miklum hraða.** MYND/ANTON BRINK

Páll segir menn sem hafa atvinnu af akstri hafa gott af því að átta sig betur á getu sinni og hefur Brautin meðal annars tekið að sér að halda utan um ökuleikni fyrir skipafélögin og fleiri fyrirtæki. „Þá er efnt til innanhússkeppni sem er aðallega hugsuð til gamans en skilar sér líka í enn betri ökumönnum.“

Rútukeppnin á laugardag hefst 11.30 en trukkakeppnin klukkan 14. Fólksbílakeppnin á sunnudag hefst klukkan 13. Mælst er til þess að þátttakendur mæti hálftíma fyrir keppni. Hægt er að skrá sig á staðnum eða á brautin.is

Réttu tækin í alla almenna jarðvegs- og steypuvinnu

WACKER NEUSON



Smágröfur og beltagröfur
frá 800 kg upp í 15 tonn.
Hjólagröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og
hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn.





Þjöppur, vibratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar.
Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.

Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftarar

KRAMER



Fjórhjólastýrðir skotbómulyftarar með lyftigetu frá 800 kg upp í 4.990 kg
og lyftihæð frá 3,9 m upp í 8,75 m.



Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar.
Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á allt að 40 km
akstursshraða . Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

# FLUTNINGA*lausnir*




*KAPP* er leiðandi í sölu og leigu á flutningstækjum og búnaði.

Notuð og ný tæki / Byggt á óskum hvers og eins / Sérsmíði fyrir íslenskar aðstæður / Sérhannaðir fyrir fiskflutninga / Þjónustuverkstæði


















## FLUTNINGAVAGNAR

Í samstarfi við *Schmitz Cargobull* bjóðum við upp á margar gerðir af flutningavögnum.
*Leiga á vögnum.*
*Innflutningur og sala á nýjum og notuðum vögnum.*

Hannað fyrir íslenskar aðstæður:
*Hjólhaf · Full hliðaropnum*
*Slortankar og rennur fyrir fiskflutning*

## VÖRULYFTUR

Bjóðum allar stærðir og gerðir af vörulyftum frá *DHOLLANDIA.*

## KÆLIBÚNAÐUR

Sala og þjónusta á kælibúnaði frá *Carrier Transicold.* Yfir 200 kæli- og frystivélar hafa verið seldir á síðustu árum fyrir sendibíla, vörukassa og flutningavagna.

## FLUTNINGSKASSAR

Sérbyggt á allar tegundir vörubifreiða.








**Hafið samband við sölumenn í síma**
**587 1300**

authorized ServicePartner of
SCHMITZ Cargobull

**KAPP ehf**
**VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI**

Miðhraun 2
210 Garðabær
kapp@kapp.is
www.kapp.is


CAT


ARMAR
VIÐ BYGGJUM Á REYNSLUNNI!
Armar er stærsta leigufyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Fyrirtækið leigir út tæki, bíla og fjölbreyttan vélakost til byggingariðnaðarins og leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustu og heildarlausnir fyrir hvers kyns framkvæmdir – hvar á landi sem er.
VINNULYFTUR
MÓT&KRANAR
JARÐVÉLAR
BÍLAR
Tækjaflotinn telur í dag rúmlega fjögur hundruð vélar, m.a. skæralyftur, spjótlyftur, lyftara, skotbómulyftur, rafstöðvar og önnur smærri tæki. *Armar er umboðsaðili Genie vinnuvéla á Íslandi.*
Með fjölbreytt úrval byggingakrana, steypumót og steypuíhluti eru Armar leiðandi í útleigu og sölu á efni til bygginga- og steypuframkvæmda. *Armar er umboðsaðili Peri á Íslandi.*
Armar bjóða til leigu stórar hjóla- og beltagröfur, ýtur og búkollur fyrir stærri mannvirki á borð við virkjanir, álver og gangnagerð.
Bifreiðar frá *Toyota Íslandi* og *BL ehf.*, eru í boði á hagstæðri rekstrarleigu. Bílarnir eru flestir sérútbúnir til að geta nýst verktökum við íslenskar aðstæður og á alls kyns vegum.
ARMAR EHF – KAPLAHRAUNI 2-4 – 220 HAFNARFIRÐI – SÍMI 565 4646 – WWW.ARMAR.IS

# Bílstjórar saman í einu félagi

**Bílstjórafélag Íslands var sett á laggirnar árið 2002. Hugmyndin var að sameina alla bílstjóra undir einum hatti. Það tókst ekki, að sögn Óskars Stefánssonar formanns.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Bílstjórafélag Íslands starfar samhliða Bifreiðastjórafélaginu Sleipni. „Þetta er nánast eitt og sama félagið. Bílstjórafélag Íslands var ekki virkt fyrr en árið 2014 en þá var hugmyndin að leggja Sleipni til hliðar sem tókst ekki. Það var ekki hægt af tæknilegum forsendum. Þessi tvö félög eru því rekin samhliða og undir sömu stjórn,“ segir Óskar. „Það hefði verið best að þetta væri eitt félag og það var alltaf markmið okkar. Samtök atvinnulífsins neituðu að gera kjarasamning við Bílstjórafélag Íslands og þar með var ekki hægt að leggja Sleipni niður. Ekkert félag getur verið starfandi án kjarasamnings,“ útskýrir Óskar.

Hann segir að það séu um 600 atvinnubílstjórar í landinu í fullu starfi og um tvö hundruð í hlutastarfi. „Ef allir þessir bílstjórar myndu sameinast í Bílstjórafélaginu yrði það öflugt félag,“ segir Óskar sem segir þessa stöðu mjög einkennilega. „Við höfum verið að reyna að finna lausn á þessu máli innan fámenns hóps. Ég þori ekki að segja hvernig það endar,“ segir hann. „Kannski skýrast málin við gerð næstu kjarasamninga. Við höfum núna gildandi kjarasamning við Sleipni og eftir honum störfum við.

> **Um 600 bílstjórar eru í fullu starfi og 200 í hlutastarfi. Ef allir þessir bílstjórar myndu sameinast í Bílstjórafélaginu yrði það öflugt félag.**

Því miður hafa bifreiðastjórar á landinu farið í hin og þessi stéttarfélög. Oft eru það vinnuveitendur sem stjórna því hvert þeir fara. Okkar skoðun er sú að best væri að allir væru í sama félaginu. Árið 2000 vildum við stækka Sleipni og gera það að landsfélagi en Alþýðusamband Íslands hafnaði þeirri beiðni okkar og vísaði Bifreiðastjórafélaginu Sleipni úr sambandinu. Það var sem sagt ASÍ sem tvístraði bílstjórum í hin og þessi félög. Leigubílstjórar hafa verið í öðrum félögum, Frama og Átaki.“

Óskar segist hafa fengið ýmsar fyrirspurnir frá bifreiðastjórum en hann vilji gjarnan efla félagið og vinna meira með þeim. „Það er flókið þegar menn eru í hinum og þessum félögum. Sleipnir var upphaflega stéttarfélag hópferðabílstjóra en síðan opnuðum við félagið fyrir alla bílstjóra sem virtist ekki vera vel séð. Bílstjórafélag Íslands verður ekki rifið upp nema stór meirihluti bílstjóra hafi áhuga á því að sameinast í einu félagi,“ segir Óskar.



Óskar Stefánsson, formaður Bílstjórafélags Íslands. MYND/HANNA

FLEYGAR, KRABBAR, KLIPPUR, OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA




Höfum til sölu glussafleyga og fleiri vönduð verkfæri, sem hafa áunnið sér gott orðspor á Íslandi á undanförnum árum.

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjördur
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

# Reynast vel við íslenskar aðstæður

## Kraftvélar hafa umboð fyrir Iveco atvinnubíla sem hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður.

Kraftvélar fóru nýverið að bjóða Iveco Daily atvinnubíla með Achleitner fjórhjóladrifi. „Við finnum fyrir auknum áhuga á Iveco Daily með Achleitner fjórhjóladrifi. Um er að ræða mjög öflugt fjórhjóladrif þar sem bílarnir eru með sídrifi og koma með millikassa, háu og lágu drifi, læsingum á millikassa og læsingum á fram- og afturdrifi, auk þess sem þeir eru búnir undirvagnsvörn og sjö sentímetra upphækkun,“ segir Ívar Þór Sigþórsson, sölustjóri atvinnubifreiða hjá Kraftvélum. Í Achleitner fjórhjóladrifsútfærslunni er auk þess hægt að velja á milli þess að hafa Daily beinskiptan eða með átta gíra HI-MATIC sjálfskiptingu frá ZF.

„Við erum nú þegar með í pöntun og afhendingu Iveco Daily sendi-, pall- og flokkabíla með Achleitner fjórhjóladrifi,“ upplýsir Ívar. Hann segist finna vel fyrir því að viðskiptavinir þurfa á atvinnubílum með jafn öflugu fjórhjóladrifi að halda en í Iveco eru engar málamiðlanir gerðar. „Margir af okkar viðskiptavinum eru að nota bílana við mjög krefjandi aðstæður og í mörgum tilfellum henta hefðbundnir eindrifs- og fjórhjóladrifsbílar ekki nægjanlega vel. Þar sem Achleitner drifkerfið er með millikassa og læsingum þá nýtast þeir viðskiptavinum okkar mun betur.“

Ívar nefnir í því sambandi að mörg bæjarfélög nota Iveco Daily bílana í snjómokstur. „Þá eru mörg fyrirtæki sem þurfa að koma vöru og þjónustu til skila við allar aðstæður og þá skiptir máli að hafa sterkbyggða bíla með öflugan drifbúnað.“ Að sögn Ívars eru Iveco Daily einu bílarnir í sínum flokki sem byggðir eru á heilli grind og er hægt að fá þá í mjög fjölbreyttum útfærslum frá 3.500 til 7.200 kílóa heildarþyngdar.



Daily vinnuflokkabíll með Achleitner fjórhjóladrifi tilbúinn í átök.


Iveco Daily er hægt að að fá með allt að 6,2m palli.



Daily sendibíll er í boði með allt að $19{,}6m^3$ flutningsrými.

Heildarlausn fyrir jarðvinnuverktaka

KOMATSU
Atlas Copco
DYNAPAC
MILLER
Rammer
SANDVIK



KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Allar aðstæður mun betri

**Starfsumhverfi og vinnuaðstæður flutningabílstjóra í Noregi eru talsvert frábrugðnar þeim sem ríkja á Íslandi segir Íslendingur sem hefur starfað þar í nokkur ár. Í Noregi njóta flutningabílstjórar líka virðingar enda skilningur á því að þeir séu að þjóna samfélaginu.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Hér er Geiri að flytja vinnuvél í norskri sumarsól.

Sigurgeir Magnússon, sem gengur jafnan undir nafninu Geiri, hefur verið búsettur í Norður-Noregi undanfarin ár og starfað sem flutningabílstjóri hjá einu af virtari flutningafyrirtækjum landsins, Øyvind Jensen termotransport.

Geiri hafði starfað sem flutningabílstjóri á Íslandi í mörg ár þegar tveir vinir hans, sem störfuðu hjá norska fyrirtækinu, höfðu samband árið 2013 og spurðu hvort hann vildi ekki koma út og prófa að starfa með þeim. „Ég var ekki lengi að hugsa mig um og var mættur út til þeirra nokkrum dögum síðar. Hér hef ég að mestu leyti keyrt dráttarbíla, bíla sem við heima köllum oft treilera. Kosturinn við að keyra þessa bíla hér er að ef ég spring á aksturstíma get ég sett frá mér vagninn og annar bíll tekið við honum og haldið áfram á áfangastað. Í starfi mínu er nefnilega mjög mikilvægt að varan nái á áfangastað á réttum tíma þar sem megnið af því sem ég flyt er ferskur fiskur og kælivara í matvöruverslanir.“

## Nýr vagn daglega

Þótt Geiri sé bílstjóri hjá Øyvind Jensen termotransport er hann í föstum akstri fyrir Asko transport sem er fyrirtæki sem sér um heilfarmaflutninga í vöruhús Asko. „Ég fæ úthlutaðan vagn á hverjum degi sem kemur með vörulestinni annaðhvort frá Ósló eða Þrándheimi. Þessa vagna sæki ég annað hvort til Fauske eða Narvik og keyri með þá í vöruhús Asko sem staðsett er í Ramfjord sem er rétt fyrir utan Tromsø. Þar losa ég vörurnar og nota sömu vagna til að lesta fisk frá ýmsum fiskverkunum hér í Norður-Noregi og skila þeim af mér en vagnarnir eru næst fluttir suður til Óslóar eða Þrándheims.“

## Aðstæður góðar

Hann segir starfsumhverfið og vinnuaðstæður í Noregi talsvert frábrugðið því sem tíðkast á Íslandi. „Mér finnst allar aðstæður mun betri hér í Noregi. Vegirnir eru jú víða þröngir og hér eru brattar brekkur með kröppum beygjum. Samt eru gæði veganna hér og heima á Íslandi eins og svart og hvítt. Þótt ég sé að keyra á örmjóum vegi hér í Noregi, t.d. frá fiskvinnslu með um 25-30 tonn af fiski og heildarþunga á tækinu upp á 50 tonn, veit ég að vegurinn þolir það vel. Hér í Noregi er líka borin virðing fyrir bílstjórum því landsmenn gera sér grein fyrir því að við erum að þjóna samfélaginu.“

Í dag er Geiri búsettur í bæ sem heitir Fauske og er rétt fyrir utan Bodø. Hann segir lífið í Noregi vera feikilega gott, þar sé enginn æsingur og allt sé tekið með rólegheitum. „Lengi vel var ég einn hér en í dag er ég í sambandi með norskri konu sem á fyrir fimm ára stúlku. Því fer stærstur hluti frítímans í að vera með þeim. Þeir sem þekkja mig vel vita þó að ég eyði líka miklum tíma í þrif og bón á trukknum mínum.“

**„Mér finnst allar aðstæður mun betri hér í Noregi. Vegirnir eru jú víða þröngir og hér eru brattar brekkur með kröppum beygjum. Samt eru gæði veganna hér og heima á Íslandi eins og svart og hvítt.**

**„Í starfi mínu er nefnilega mjög mikilvægt að varan nái á áfangastað á réttum tíma þar sem megnið af því sem ég flyt er ferskur fiskur og kælivara í matvöruverslanir.**




Er þinn rekstur á réttri leið?

Tímon og Floti lækka rekstrarkostnað, auka nýtingu og bæta skilvirkni. Lausnirnar okkar eru aðgengilegar á netinu, auðveldar í innleiðingu og með föstum rekstrarkostnaði.

Tímon

Tíma- og verkskráning fyrir öll fyrirtæki. Fáðu fullkomna yfirsýn yfir mannauðsmál og verkefni.

Floti

Flotastýring bíla og tækja fyrir öll fyrirtæki. Allt frá einfaldri vöktun til ítarlegra greininga. Bættu skipulagið og sjáðu meira með Flota.

www.timon.is www.floti.is 5100 600 Laugavegi 178, 105 Reykjavík




Öflugt tríó Mercedes-Benz dráttarbíla í eigu Hóls ehf. á Húsavík.

# Vinnuþjarkurinn Mercedes-Benz

Það felst kraftur, afl, öryggi og sparnaður í því að hafa Mercedes-Benz í liði með sér; hvort sem þarf að reisa verksmiðjur, orkumannvirki, hótelbyggingar, sjóböð eða sækja ferska mjólk til bænda.



Mjólkursamsalan á þennan nýja Mercedes-Benz Arocs með vökvaframdrifi.

## Ódýrari í rekstri

Mjólkursamsalan fékk á dögunum afhenta nýja Mercedes-Benz Arocs vörubifreið sem er útbúin með nýjum mjólkurtanki frá VM Tarm a/s í Danmörku. Bíllinn verður notaður við mjólkursöfnun frá Akureyri og er vel útbúinn með drifi á báðum afturásum og einnig með vökvadrifi á framás.

Vökvaframdrif er frábrugðið hefðbundnu framdrifi að því leyti að þá er enginn millikassi og ekkert drif í framhásingu. Í staðinn koma vökvarótorar í nöf beggja framhjóla. Öflug vökvadæla er tengd við vél bílsins og drífur rótorana. Dælan er einungis í gangi þegar bílstjóri ákveður að virkja framdrifið. Þetta fyrirkomulag sparar eldsneyti þar sem enginn aukabúnaður, svo sem framdrif og millikassi, tekur afl frá vél bílsins. Auk þess er vökvaframdrif nokkur hundruð kílóum léttara en hefðbundið framdrif og hægt að flytja meira á bílnum sem því nemur.

**„Við bindum vonir við að bílar með vökvaframdrifi geti leyst bíla með hefðbundnu framdrifi af hólmi í erfiðum aðstæðum sem oft eru fyrir hendi í sveitum.**

„Við bindum vonir við að bílar með vökvaframdrifi geti leyst bíla með hefðbundnu framdrifi af hólmi í þeim erfiðu aðstæðum sem oft eru fyrir hendi í sveitum landsins. Ástæðan er fyrst og fremst sú að slíkir bílar eyða minna, hafa færri slitfleti og eru því ódýrari og umhverfisvænni í rekstri,“ segir Magnús Guðmundsson, rekstrarstjóri flutningadeildar Mjólkursamsölunnar.

## Mikil umsvif á Húsavík

### Mikil umsvif á Húsavík

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á Húsavík og í nágrenni. Má þar nefna framkvæmdir við kísilverksmiðju PCC, Laxárvirkjun, orkumannvirki á Þeistareykjum, hótel og ný sjóböð. Auk þess hafa verið umtalsverðar framkvæmdir við höfnina og bygging íbúðarhúsa hefur tekið við sér. Þessar framkvæmdir hafa skapað aukin verkefni fyrir verktaka á Húsavík sem hafa samhliða auknum verkefnum endurnýjað bílaflota sinn með nýjum Mercedes-Benz vörubílum.

### Höll

Fyrirtækið Höll ehf. sinnir að mestu flutninga- og vinnuvélaþjónustu ásamt tilfallandi jarðvegsframkvæmdum. Bílafloti fyrirtækisins er vel búinn nauðsynlegum vinnuvélum og tækjum en þar má finna til dæmis gámaflutningabíla, tengivagna, vörubíla, kranabíl, gröfur, hjólaskóflu, veghefil og jarðýtu auk smærri tækja. Fyrirtækið er rekið af bræðrunum Birni og Þórði en hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði sex til tíu manns.

Höll hefur á síðustu tveimur árum endurnýjað dráttarbílaflota sinn og hefur nú til umráða þrjá nýja, vel útbúna Mercedes-Benz dráttarbíla. Nýjustu dráttarbílarnir eru af gerðinni Mercedes-Benz Actros 2663, með loftpúðafjöðrun á öllum ásum, 625 hestafla vél, dráttarstól á sleða og mjög vel búnu ökumannshúsi.

### Steinsteypir

Steinsteypir ehf. var stofnað árið 1993. Aðalstarfsemi fyrirtækisins er steypusala en einnig hefur fyrirtækið yfir að ráða öflugum tækjaflota til jarðvinnu og vegagerðar. Árið 2015 reisti fyrirtækið stóra og öfluga steypustöð og starfsaðstöðu sem hafði mikil áhrif á starfsemi þess svo starfsemin er nú öll komin á einn stað. Fyrirtækið er í eigu Jónasar og Kristins Ásgrímssona og Friðriks Sigurðssonar en hjá þeim starfa fimmtán starfsmenn.

Steinsteypir fékk nýlega afhentan nýjan Mercedes-Benz Actros 2658 dráttarbíl og í maí síðastliðnum fékk fyrirtækið afhentan 4 öxla Mercedes-Benz Arocs vörubíl með palli frá Meiller. Bílaumboðið Askja hefur umboð fyrir Meiller palla og vagna. Pallurinn var settur á í verksmiðju Meiller í München í Þýskalandi og er allur frágangur hinn vandaðasti.




Mercedes-Benz 4 öxla vörubíll sem Steinsteypir tók nýlega í notkun.

Bílaumboðið Askja er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Mercedes-Benz atvinnubíla. Fosshals 1, 110 Reykjavík. Sími: 590 2100. Sjá nánar á askja.is




Stefán Gestsson framkvæmdastjóri og Gunnar Ólafsson viðskiptastjóri Ratio hf . Fyrirtækið sérhæfir sig í flotaþjónustu með atvinnutæki og bíla. MYND/VILHELM

# Hagkvæmar lausnir í vélaflota

Ratio hf. sérhæfir sig í flotaþjónustu með atvinnutæki og bíla. Stefna Ratio er skýr, meðan fyrirtækið einbeitir sér að flotanum getur viðskiptavinurinn helgað sig grunnrekstrinum.

Við bjóðum víðtækar lausnir fyrir bygginga- og jarðvinnugeirann sem og heildsölur og fleiri. Ratio hf. var sett á laggirnar árið 2013 og var í upphafi ætlunin að þjónusta fyrirtæki með bílaflota. Starfsemin gekk vel og í framhaldinu fengum við beiðnir um byggingakrana og önnur tæki tengd byggingariðnaði. Við bættum því við flóruna og í dag eigum við töluvert úrval byggingakrana og önnur atvinnutæki sem leigð eru út í langtímaleigu," segir Stefán Gestsson, framkvæmdastjóri Ratio hf. „Í dag sjáum við mesta eftirspurn eftir byggingakrönum og erum við því að fjölga þeim töluvert til þess að mæta þeirri eftirspurn ásamt því að bæta við töluverðu af sendiferðabílum. Kjarnastarfsemi okkar er enn þá í sendiferðabílum og þar er okkar stærsti floti. Við eigum alltaf til bíla, allt frá litlum sendibílum upp í fólksflutningabíla. Viðskiptavinurinn hefur einfaldlega samband, við þarfagreinum rekstur hans og bjóðum svo lausn sem hentar."

## Sérsniðinn pakki

„Þegar kemur að stærri og dýrari tækjum svo sem 50 tonna gröfum eða steypudælubílum förum við yfir með viðskiptavininum hvað tækið kostar, greiðslugetu hans og hvernig fyrirkomulag hentar best. Hvað vill hann hafa innifalið í pakkanum og svo framvegis. Við þurfum einnig að horfa til endursölumöguleika á tækjunum," segir Stefán. Algengasti leigutíminn sé frá 6 mánuðum og upp í þrjú ár.

„Við erum minna í styttri leigu en það kemur þó fyrir. Með því að leigja tæki yfir verktímann þá er hægt með meiri nákvæmni að reikna út hvað verkið muni gefa af sér. Byggingakranar eru gott dæmi, þar leigja byggingaraðilar af okkur kranann yfir verktímann og skila svo að honum loknum. Allur kostnaður er uppi á borðum og því hægt að reikna út væntan ágóða af verkinu mun betur og nákvæmar."

## Sanngjarnt verð

„Við erum óháðir merkjum og sníðum þjónustuna algerlega að þörfum viðskiptavinarins. Við verslum milliliðalaust við birgja erlendis sem gerir okkur kleift að halda verðinu lágu. Yfirbygging okkar er einnig lítil sem hjálpar til við verðlagið."

## Tryggt viðhald

Hjá Ratio starfar viðgerðarmaður sem sinnir léttu viðhaldi en annarri viðgerðarþjónustu og flóknari bilunum er útvistað til sérfræðiverkstæða. Tækin fá því alltaf besta viðhaldið að sögn Stefáns og viðskiptavinir þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að tæki sé stopp. „Reksturinn gengur áfram snurðulaust því við útvegum annan bíl eða tæki ef eitthvað bilar," útskýrir Stefán. Kostirnir við að útvista véla- og bílaflota séu margir.

## Meiri tími í grunnrekstur

„Með því að nýta þjónustu okkar sleppur viðskiptavinurinn við að leggja út eigið fé fyrir vélakaupum, hann þarf ekki að hafa áhyggjur af endursölu, greiðslur eru þekkt stærð út leigutímann og kostnaður vegna viðhalds er ekki til staðar. Með því að láta okkur sjá um vélaflotann geta fyrirtækin einnig einbeitt sér að sínum grunnrekstri og að því sem þau gera best. Við bregðumst alltaf fljótt við og sinnum þörfum viðskiptavinarins eins vel og hægt er."




**Með því að nýta þjónustu Ratio þarf viðskiptavinurinn ekki að leggja út eigið fé fyrir vélakaupum.**




**„Við eigum alltaf til bíla allt frá litlum sendibílum upp í fólksflutningabíla," segir Stefán.**



# Hvað má bjóða þér?

**Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki.**

Við hjá Ratio bjóðum upp á nýja og nýlega sendiferðabíla til rekstrarleigu. Bílarnir okkar eru af öllum stærðum og gerðum svo þú ættir hæglega að geta fundið þann sem hentar þínum rekstri. Með rekstrarleigu þarftu ekki að reiða fram háar fjárhæðir eða taka stór lán. Áhættan á endursölu er engin og óvæntur viðhaldskostnaður hverfur.

Viðskiptavinum okkar stendur einnig til boða hagstæð leiga á byggingarkrönum, vörubifreiðum, vinnuvélum og öðrum atvinnutækjum.

Frá upphafi höfum við haft það að leiðarljósi að stunda skynsöm og milliliðalaus viðskipti við erlenda birgja. Þannig höldum við leiguverði til viðskiptavina í lágmarki.



RATIO

Ratio ehf. · Höfðabakki 3 · 110 Reykjavík · Sími 511 6600 · ratio@ratio.is · www.ratio.is

# Traktor öðlast nýtt líf

Síðasta sumar kláraði Valdimar Pétursson að gera upp rúmlega 60 ára gamlan traktor í bílskúrnum heima ásamt syni sínum. Hann verður mest notaður í „montrúnta“ en vonandi líka til að slá grasið.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Í sumar kláraði Valdimar Pétursson flugumsjónarmaður að gera upp rúmlega 60 ára gamlan traktor í bílskúrnum heima í Hafnarfirði ásamt syni sínum. Traktorinn er af gerðinni Farmall Cub og var framleiddur í Chicago árið 1953. Valdimar hefur lengi haft áhuga á vélum og tækjum og höfðu þau hjónin oft rætt um það hve gaman það væri að gera upp gamlan bíl eða traktor. „Það sem heillar helst við þessar gömlu traktora er hversu mikil bylting þeir voru fyrir bændur þegar þeir komu fyrst til landsins á sínum tíma.“

Góður vinur þeirra átti þennan traktor og hafði hugsað sér að gera hann upp þegar hann færi að nálgast eftirlaunaaldurinn. „Hann lést því miður fyrir aldur fram á síðasta ári. Konan hans bauð mér að eiga traktorinn ef ég vildi gera hann upp og að sjálfsögðu þáði ég þetta fallega boð og þykir mér ofboðslega vænt um að hafa fengið þann heiður.“

## Byrjað í bílskúrnum

Verkefnið byrjaði í september 2016 þegar Valdimar keyrði norður til Akureyrar, ásamt syni sínum og tengdasyni, og flutti Farmall traktorinn á kerru suður til Hafnarfjarðar. „Farmall-inn leit ekki svo illa út við fyrstu sýn og virtist t.d. ekki mikið ryðgaður þrátt fyrir að hafa staðið úti í mörg ár.“

Í byrjun október fóru feðgarnir því inn í bílskúr og byrjuðu að rífa traktorinn í sundur. „Fljótlega sáum við að hann var í töluvert lakara formi en við höfðum talið og enduðum við á því að rífa hann nánast alveg í sundur, skrúfu fyrir skrúfu. Mótorinn var nokkuð heill en það hafði komist vatn inn um púströð þannig að við tókum mótorinn líka í sundur og skiptum um allar legur og pakkningar. Sem betur fer er hægt að fá nánast allt í þessa Farmall traktora og var það því okkar fyrsta verk að panta varahluta- og viðgerðahandbók.“

Sonur Valdimars er stálsmiður og sá um að endursmíða þá hluti sem voru verst farnir af ryði. „Það er búið að pússa, klappa og mála allar skrúfur og parta í þessum traktor og höfum við notið hverrar mínútu sem þetta verkefni hefur gefið okkur. Í byrjun hafði ég hugsað mér að halda dagbók um verkefnið en fljótlega sá ég að það myndi frekar skemma minninguna, að sjá svart á hvítu allar þær stundir sem fóru í verkið, í stað þess að horfa á afraksturinn og njóta hans.“




Valdimar Pétursson gerði upp þennan glæsilega Farmall Cub traktor frá árinu 1953 ásamt syni sínum. Verkið tók um níu mánuði. MYND/HANNA

## Fékk mörg góð ráð

Eiginkona Valdimars, Ingibjörg Jóhannesdóttir, hefur verið dyggur stuðningsaðili feðganna og mjög ánægð með verkefnið. „Ekki síst fannst henni gaman að geta gengið að okkur á vísum stað þar sem við vorum í bílskúrnum í nær öllum frístundum okkar frá því í byrjun október 2016 þar til Farmall var ekið út í byrjun júní 2017.“

Hann segir þá hafa leitað ráða og aðstoðar hjá fjölskyldu, vinum og ættingjum með það sem þeir treystu sér ekki til að gera sjálfir og var það alltaf auðsótt að sögn Valdimars. „Það er ótrúlegt hvað fólk er jákvætt og glatt þegar það sér svona verkefni fara af stað. Margir höfðu það á orði að traktorinn okkar væri alveg eins og sá sem þeir óku fyrst þegar þeir voru í sveit í æsku.“

Forngripurinn verður sennilega ekki mikið notaður, segir Valdimar. „Ég mun væntanlega taka „montrúnt“ í góðviðrinu annað slagið. Draumurinn er þó að eignast sláttugreiðu á hann og að geta slegið grasið í kringum sumarbústaðinn okkar. Það verður sennilega næsta verkefni ef slíkur gripur finnst.“



Svona leit traktorinn út þegar Valdimar sótti hann til Akureyrar í september 2016.

VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI
Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is




## DITCH WITCH



Ditch Witch er fyrirtæki sem framleiðir tæki og tól til að koma rörum og lögnum í jörð án þess að grafa. Nota til þessa stýranlega bora, moldvörpur, plóga og jarðvegssagir.

## SWEPAC



Sænskar jarðvegsþjöppur sem eru vel þekktar fyrir gæði.

## HAMMERHEAD



HAMMERHEAD TRENCHLESS EQUIPMENT

Hammer Head moldvörpur. Dregur lagnir og rör undir vegi og önnur mannvirki. Kemur því í veg fyrir þörf á skurðum og jarðvegsraski.

---

## HIDROSTAL

Hidrostal er svissneskur dæluframleiðandi sem sérhæfir sig í dælum með snigilhjóli. Þessar dælur eru í mörgum fiskiamjölsverksmiðjum og skólpstöðvum hér á landi og hafa reynst mjög vel. Hidrostal er stundum kallað „Rollsinn" í dælum.



## Belle jarðvegsþjöppur



- Áfram og afturábak
- Nútímaleg hönnun
- Kraftmiklar
- Titringsvörn

**Ásafl ehf.**
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði
www.asafl.is

**Sími: 562 3833**
Opið 8:30 – 17 virka daga
asafl@asafl.is

ÁSAFL 10 ÁRA 2007-2017

# Í flutningum á milli landa

Jón Tómas Ásmundsson vöruflutningabílstjóri flytur búslóðir fyrir Íslendinga sem eru að flytja heim frá Skandinavíu eða á leið þangað. Hann er núna með tvo stóra bíla í þessum ferðum.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Þegar við náðum tali af Jóni Tómasi var hann að leggja að bryggju í Færeyjum á leið til Danmerkur. Í bílageymslu Smyril Line voru tveir smekkfullir vöruflutningabílar í hans eigu. Jón Tómas hefur langa reynslu sem bílstjóri, byrjaði fyrst árið 1987 sem sendibílstjóri. „Síðan flutti ég til Bandaríkjanna en ég er hálfameríkskur. Kom heim árið 1993 og fór aftur í keyrsluna,“ segir hann. Núna eru næstum átta ár frá því Jón byrjaði vöruflutninga á milli landa. „Þegar hrunið kom árið 2008 var ég nýbúinn að skuldsetja mig með því að kaupa annan bíl. Ég sat uppi með tvo mjög stóra og dýra bíla en vinnan minnkaði mikið. Það stefndi í óefni ef maður fyndi ekki nýjar atvinnuskapandi leiðir og verkefni,“ segir hann.

## Margir flytja til Noregs

Upp frá því fór Jón Tómas að bjóða flutninga sjóleiðis á milli landa en hann er með bretti sem ekið er upp að dyrum. „Það var töluvert flóð af fólki sem var að flytja út á þessum tíma, sérstaklega til Noregs. Ég byrjaði í þessum flutningum 2010 og þá voru margir að flytja út. Mér finnst það ekkert hafa minnkað, reyndar er mikið að gera í báðar áttir. Flestir flytja til Danmerkur og Svíþjóðar. Ég myndi áætla að Noregur væri 60% og hin löndin 40% saman. Fullt af fólki flytur út tímabundið en mjög margir setjast að í þessum löndum. Það er áþreifanlegt hvað fólk finnur fljótt hversu miklu meira verður úr laununum úti. Ég heyri oft að lán sem fólk tekur minnkar við hverja greiðslu,“ segir Jón Tómas sem fer á sjö vikna fresti með búslóðir og er iðulega með tvo flutningabíla á ferð.

## Miklu betri vegir

Jón Tómas segir mikinn mun á því að keyra um Danmörku, Noreg og Svíþjóð eða Ísland. „Það er stór munur á því,“ segir hann. „Vegirnir eru miklu betri, það er ekkert leyndarmál. Mörg ár eru síðan Svíar fóru að leggja vegi í löglegri breidd. Íslendingar eru alltaf að spara peninga og leggja þess vegna ólöglega mjóa vegi. Vegirnir í Noregi eru harðir og sléttir. Maður treystir þeim miklu betur en vegunum heima. Það er vandað til verka með undir- og yfirlag. Á Íslandi eru ársgamlir vegir orðnir holóttir og slitnir. Ég tel þetta vera óvönduð vinnubrögð og lélegt eftirlit. Á stórum flutningabílum verðum við mikið varir við ójafna vegi enda ekki með sama fjöðrunarkerfi og smábílar,“ segir hann.



Jón Tómas er með tvo flutningabíla sem fara frá Seyðisfirði til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Jón Tómas er ánægður með vinnuna og segir mikla tilbreytingu í starfinu. „Það er gaman að keyra úr íslensku umhverfi og yfir í önnur lönd. Við keyrum mjög mikið á sjö dögum og hittum margt fólk. Stundum getur verið erfitt og snúið að komast inn í húsagötur í borgum en allt tekst þetta,“ segir Jón Tómas sem er með heimasíðuna www.voruflutningar.is

Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur



Eigum á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 6 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



Þjónusta í 60 ár 1957-2017



BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Vinnuvéladekk

Vorum að fá nýja sendingu!

Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast





Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM GLENS

Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig.
Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

Frá
139.000,-
m/vsk

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá
389.000,-
m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn


Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur


Fjöldi botnstífa


Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá
1.279.000,-
m/vsk



### Söluaðilar

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Klettháls 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

# Davíð fékk gamlan Ferguson

**Bræðurnir Þór og Einar Marteinssynir eru forfallnir áhugamenn um gamlar dráttarvélar og hafa gert margar upp. Eina þeirra lánuðu þeir forsetaframbjóðanda en fengu þá símtal frá lögreglunni.**

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Við lánuðum Davíð Oddssyni vél þegar hann bauð sig fram til forseta. Hún stóð fyrir utan kosningaskrifstofuna hans á Grensásvegi. Kannski ætlaði hann sér að höfða til bændastéttarinnar með því. Við bræðurnir fengum hins vegar símtal frá lögreglunni sem vildi vita hvað vélin væri að gera þarna, það hefði borist kvörtun! Við sögðum sem satt var að Davíð hefði sjálfur pantað vélina. Þeir urðu steinhissa, töldu víst að einhver væri að gera at í Davíð en vélin fékk að standa,“ segir Þór Marteinsson en hann safnar ásamt bróður sínum, Einari, gömlum dráttarvélum og gerir upp. Vélaáhuginn hafi fylgt þeim bræðrum frá barnæsku og þeir viti fátt betra en að setjast upp á gamlan Ferguson.

„Við erum fæddir og uppaldir á Gilá í Vatnsdal í Húnavatnssýslunni. Karl faðir okkar keypti nýjan Ferguson árið 1958 og bjó alla tíð með þá einu vél. Þegar hann féll frá langaði okkur báða til að eignast vélina en úr varð að við fengum okkur báðir eins vél. Með árunum vatt þetta upp á sig og síðast þegar við töldum voru þær orðnar 18. Okkur finnst afskaplega gaman að setjast upp á dráttarvél og hugsa um eitthvað skemmtilegt. Við eigum bústað í Vatnsdalnum og smá túnblett þar sem við notum vélarnar. Tökum svo eina og eina með okkur í bæinn og dyttum að. Sumt tökum við mikið í gegn og eyðum miklum tíma, púðri og peningum. Það stendur ekki til að gera þær allar upp. Fyrst og fremst erum við að passa upp á að þessar elstu vélar endi ekki á haugunum,“ segir Þór. Gamlar dráttarvélar séu sveipaðar rómantík og fólk eigi ljúfar minningar úr sveit sem það tengi við dráttarvélar.

„Það er almennt mikill áhugi á uppgerð gamalla véla. Oft var dráttarvél fyrsta ökutækið sem fólk keyrði og því mikil rómantík í kringum það. Á sýningum er gaman að skoða vélar þar sem er tíundað hver keypti hana fyrst og fleira um sögu vélarinnar. Við Einar erum spenntastir fyrir vélum með sögu og höfum fundið flestar okkar véla í Húnavatnssýslunni þar sem við þekkjum til. Frá Hvammi fengum við til dæmis Ferguson 49, þá fyrstu sinnar tegundar sem flutt var til landsins.“



Einar (til vinstri) og Þór Marteinssynir við Ferguson 1949 frá Hvammi í Vatnsdal. „Þetta var fyrsta árgerð af Ferguson sem var flutt inn til landsins.“ Eins og sjá má er vélin í uppgerð og langt komin. MYND/ MARTEINN GEIR.

Þór hefur setið í stjórn Fergusonfélagsins síðastliðin 7 ár. Félagið sjálft fagnar tíu ára starfsafmæli nú í haust. „Fergusonfélagið er í raun félag áhugamanna um gömul landbúnaðartæki af hvaða tegund sem er. Við fundum einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og höldum úti heimasíðu og tveimur síðum á Facebook. Félagið vinnur mikið með landbúnaðarsafninu á Hvanneyri og hefur til að mynda fært safninu góða gripi,“ segir Þór. „Þetta er mjög félagslegt áhugamál. Við bræðurnir erum til dæmis með húsnæði undir viðgerðir saman og hittumst því oft. Menn koma í heimsókn og oft verða líflegar umræður,“ segir hann. „Nú eru menn farnir að biðja okkur að taka vélar í gegn fyrir sig. Við höfum látið tilleiðast fyrir góða menn en þetta er tímafrekt áhugamál og það verður enginn ríkur af því að gera upp dráttarvél.“




Lögreglan hélt að einhver væri að gera at í Davíð Oddssyni og hringdi í bræðurna. Davíð hafði hins vegar beðið um að fá vélina lánaða á kosningaskrifstofuna.



Vélin í Hvammi áður en bræðurnir komust í hana. „Eins og sjá má er hún ekki frýnileg að sjá en verður betri en ný!“ segir Þór.



„Hér er Massey Ferguson 1972 sem við kennum við Davíð Oddsson. Vélin er frá Helgavatni í Vatnsdal. Þarna er verið að sækja vélina og fara með suður til uppgerðar.“





HMF bílkranar – Hagkvæmir og endingargóðir
Þjónusta HMF er traust og hvergi er slakað á kröfum um öryggi, virkni og nákvæmni. HMF kranar fara í gegnum nákvæmt gæðaeftirlit og eru framleiddir samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum og með vottun frá *Lloyd's Register Quality Assurance* (LRQA).

LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 • 200 Kópavogi
Sími 580 5800 • www.landvelar.is

# Brotkjaftar og klippur frá Demarec og TABE.





TABE
www.tabe-hammers.com
Nueva imagen





Demarec
A KINSHOFER COMPANY

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

# Alvöru trukkasamloka

**Þegar mikið er að gera gleymist stundum að borða hollan og góðan mat. Samloka með hægelduðu svínakjöti er algjört lostæti sem hægt er að útbúa með góðum fyrirvara og taka með í nesti.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Samlokur með hægelduðu svínakjöti hafa verið mjög vinsælar undanfarið, enda algjört lostæti ef þær eru vel gerðar. Svínakjötið er þá eldað lengi í ofni við hægan hita eða þar til kjötið er orðið vel laust frá beini. Þá er það tætt í sundur með tveimur göfflum, bragðbætt með BBQ-sósu og borið fram í langloku- eða hamborgarabrauði. Ekki er verra að bæta við góðu majónesi til að fullkomna réttinn. Í Bandaríkjunum kallast þessi eldunaraðferð „pulled pork“ og hefur verið vel þekkt þarlendis um árabil. Víða um heim eru veitingastaðir sem sérhæfa sig í „pulled pork“ samlokum. Samlokur af þessu tagi má auðveldlega útbúa heima og taka með í nesti þegar langur vinnudagur er fram undan. Mestan tíma tekur að hægelda svínakjötið svo það verði mjúkt og safaríkt en eftirleikurinn er mjög auðveldur. Best er að nota svínahnakka því hann er hæfilega fituríkur fyrir þennan rétt.

## Djúsí og dásamleg í nesti

**1,5 kg svínahnakki**
**2 msk. reykt paprika (smoked paprika)**
**2 msk. púðursykur**
**1 tsk. cayenne-pipar**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**1 tsk. laukduft**
**1 tsk. salt**
**¼ bolli eplaedik**
**¾ bolli vatn**
**BBQ-sósa**
**Gott langlokubrauð, baguette eða hamborgarabrauð**
**Amerískt hrásalat**
**Rauðkál, skorið smátt**

Blandið öllu kryddi vel saman. Stingið djúpt í kjötið með mjóum hníf eða gaffli svo kryddið komist vel inn í vöðvann. Nuddið krydd-blöndunni vel inn í kjötið þannig að það þeki bitann vel. Setjið kjötið í skál, lokið með álpappír og setjið inn í ísskáp yfir nótt.
Takið kjötið úr ísskápnum. Hitið ofninn í 120°C. Setjið kjötið í eldfast mót eða steypujárnspott með loki. Blandið saman vatni og ediki og hellið í mótið eða pottinn. Setjið svínahnakkann varlega ofan í og gætið þess að kryddið haldist vel á kjötinu. Setjið lokið á og eldið í 7-8 klukkutíma. Klukkutíma áður en kjötið er tekið úr ofninum er gott að pensla það með BBQ-sósu.
Takið kjötið úr ofninum. Látið það kólna lítillega. Setjið á bretti og tætið kjötið með tveimur göfflum. Gott er að bæta við BBQ-sósu, að smekk. Skerið brauðið í tvennt. Setjið vænan skammt af svínakjöti á brauðið, síðan hrásalat og loks BBQ-sósu. Gott er að setja smá majónes saman við.



Þessi samloka svíkur engan.

HIDROMEK®




# SUPRA traktorsgröfurnar frá Hidromek

HIDROMEK framleiðir traktorsgröfur í 5 útgáfum. Ein af þessum vélum er SUPRA, en hún hentar afar vel íslenskum aðstæðum. Þetta eru ríkulega útbúnar vélar, t.d. fjaðrandi framgálgi, vökvahliðarfærsla á backchoe, servo stjórnbúnaður, LED vinnuljós, Perkins mótor, Turner skipting og ZF hásingar ásamt mörgu fleiru.

*Hidromek Supra 102S eru búnar m.a.:*

- Mjög næmu og öflugu vökvakerfi
- Hraðtengjum að framan og aftan
- 40km keyrsluhraða
- Fjórhjóla- og krabba stýringu
- 100% driflæsingu
- Stóru og vönduðu ökumannshúsi
- Vönduð og vel búin vél í alla staði

Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að Krókhálsi 16 og að kynna ykkur vélina nánar. Alltaf heitt á könnunni.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is




Glæsilegir vörubílar frá MAN.

# Tveggja ára ábyrgð á vinnu og varahlutum frá MAN

Kraftur hf. hefur í meira en 50 ár verið umboðsaðili á Íslandi fyrir MAN vörubíla og Meiller palla og sturtuvagna. Kraftur býður einnig upp á götusópa í ýmsum stærðum frá Bucher Municipal sem er einn þekktasti framleiðandi heims á þessu sviði.

Grímur Fannar Eiríksson, sölumaður hjá Krafti, segir að tveggja ára ábyrgð sé á öllum nýjum bílum sem Kraftur flytur inn og bílunum fylgja einnig þjónustu- og handbækur á íslensku. „Nýlega var einnig farið að bjóða tveggja ára ábyrgð á öllum „original“ MAN varahlutum sem og vinnu við þá, sem er einstakt hér á landi.“

### Sex hjóla dráttarbílar

„GT Hreinsun fékk þrjá dráttarbíla og þrjá malarvagna hjá okkur um mitt ár. Bílarnir eru af gerðinni MAN 18.460 4X4H með glussaframdrifi. Glussadrif hefur verið að koma inn í staðinn fyrir bíla með hefðbundnu framdrifi. Glussadrifið er þeim kostum gætt að það hamlar ekki lipurð bílana og virkar frábærlega í aðstæðum eins og grunnum og námum þar sem eitthvað þarf að príla og í snjó á styttri vegalengdum,“ útskýrir Grímur. „Það er hægt að hafa það tengt og kemur það inn þegar bíl er ekið undir 28 km hraða á klst. Einnig er hægt að setja það á og taka af á keyrslu og þannig getur bílstjórinn verið búinn að undirbúa sig fyrir komandi hindranir. Í bílunum er tölvuskiptur gírkassi með hugbúnaði fyrir utanvegaakstur, sem virkar snilldarvel með glussadrifinu. Bílarnir eru vel útbúnir, með hágæða sætisáklæði, aðgerðastýri og margt fleira til þæginda fyrir bílstjórann,“ segir Grímur. „Það sem gerir þessa útfærslu óvenjulega er að bílarnir eru allir 6 hjóla, en hingað til hefur þótt nauðsynlegt að hafa 10 hjóla bíla í sambærilegri vinnu. Þetta hefur komið mjög vel út í rekstri, bílarnir eru ódýrari í innkaupum, eyða minna eldsneyti og allur annar rekstrarkostnaður er lægri en með 10 hjóla dráttarbílum. Auk þess sem flutningsgetan er svipuð.“

„Meiller malarvagnarnir eru þriggja öxla með 9.000 kg burðargetu á hvern öxul og loftfjöðrun. Þessir þrír eru 7.600 mm langir fyrir 23,1 rúmetra pall. Meiller hefur minnkað glussatjakkana til að spara þyngd en í staðinn framleiða þeir glussakerfi sem vinna á háum þrýstingi eða 200 börum. Botn vagnanna er 6 mm þykkur og veggir 5 mm úr VS120 hágæðastáli. Meiller hannar og smíðar allt sem kemur frá fyrirtækinu í eigin verksmiðjum. Allir glussapartar eru þrýstiprófaðir og skoðaðir áður en þeir eru settir í vagna eða annan búnað sem Meiller smíðar. Hágæða innra eftirlit setur Meiller í fremstu röð palla- og vagnaframleiðenda í Evrópu. Kraftur hf. hefur verið söluaðili fyrir Meiller síðan árið 1967.“

### Ísafjarðarbær fær MAN-Bucher götusóp

„Glæsilegur götusópur er nýkominn til landsins og verður afhentur Ísafjarðarbæ nú í vikunni,“ segir Grímur. „Bíllinn er af gerðinni MAN TGM 18.290 4X2 BL með stýrið hægra megin svo sem venjan er með götusópa hér á landi. Bíllinn er beinskiptur með ZF 95-1110 DD gírkassa. Í bílnum er allur helsti öryggisbúnaður eins og ESS-ABS-ASR og ESP. Húsið er C hús sem kallast daghús í daglegu máli. Ökumannssætið er með hágæðaáklæði, loftfjöðrun, stillanlegu baki fyrir axlir og bak og með hita. Þá er bíllinn með loftkælingu, aðgerðastýri, bluetooth tengingu fyrir síma og tónlist ásamt ýmsum öðrum búnaði til þæginda fyrir bílstjórann. Stjórnbúnaði fyrir sópinn er haganlega komið fyrir, sem gerir vinnu bílstjórans auðvelda og skemmtilega sem tryggir betri og faglegri vinnubrögð.“

### Bucher sópur

„Sópurinn er af gerðinni Bucher City Fant 6000 með JCB 93kW mótor. Hann er með mjög öflugri ryksugu, miðjukústi og kústi sem vinnur meðfram steyptum köntum. Einnig er kústur framan á bílnum sem hægt er að stýra með stjórntækjum innan úr bílnum eins og öðrum tækjum sópsins. Við kústana eru vatnsstútar sem hægt er að nota bæði á háum og lágum þrýstingi. Þetta er allt gert með glussakerfi sem stjórnað er með aðgerðaborði hægra megin við stýri bílsins. Aftan á bílnum er sogbarki með mjög öflugu sogi til að hreinsa upp smásteina og annað rusl. Þetta er allt gríðarlega flottur búnaður sem hefur reynst vel á Íslandi,“ segir Grímur og bætir við að Bucher Municipal eigi sér langa sögu í smíði alls kyns búnaðar sem tengist gatnahreinsun og nýlega kom á markaðinn frá þeim fyrsti götusópurinn, sem eingöngu er knúinn af rafmagni, CityCat 2020ev.




Bucher götusópur er með öllum nútíma þægindum.



Þægilegt og vel búið stýrishús.



Hér má sjá hvernig sóparnir eru staðsettir.

Nánar má skoða og kynna sér þessi öflugu tæki hjá Krafti hf, Vagnhöfða 1-3, sími 567 7100 eða á heimasíðunni www.kraftur.is.

# Ákvað ung að verða bílstjóri

**Áslaug Torfadóttir starfar sem atvinnubílstjóri hjá Eimskip. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á stórum bílum og ákvað snemma að gera akstur að ævistarfi. Hún er önnur tveggja kvenna sem starfar sem bílstjóri hjá Eimskip og kann því vel.**

Stórir bílar hafa heillað Álaugu Torfadóttur frá unga aldri. Hún var því snemma staðráðin í því að taka meirapróf og lauk því 2004. Hún hóf störf hjá Teiti Jónassyni árið 2006 og hefur meira og minna starfað við akstur síðan, með smávegis hléum. „Ég byrjaði á amerískum skólabíl uppi á Keflavíkurflugvelli ásamt því að sinna starfsmannaakstri. Þegar vellinum var lokað fór ég svo í strætókeyrslu í Kópavogi. Árið 2007 fór ég malarflutninga hjá Klæðningu og keyrði bæði vörubíl og flutningabíl með tengivagni. Síðan fór ég í vörudreifingu hjá Rax ehf. Ég hef svo reglulega gripið í rútuna og farið að mig minnir um 22 hringferðir um landið með ferðamenn,“ segir Áslaug.

Í dag keyrir hún flutningabíl með tengivagni fyrir Eimskip. Þar sinnir hún gámaflutningum og keyrir aðallega á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. „Ég fæ samt reglulega að skreppa í sveitina, bæði á Selfoss og í Búrfell sem er góð tilbreyting.“

Tvær konur starfa í deild Áslaugar í Reykjavík og eru það raunar einu tvær konurnar sem starfa við akstur hjá Eimskip á öllu landinu. Bílstjórar fyrirtækisins eru 116 og þar af tvær konur, Áslaug og Anna Silvía Þorvarðardóttir. „Við höfum þó ekki enn þá náð að vinna saman enda fór Anna Silvía í fæðingarorlof nokkrum dögum áður en ég hóf störf. Hún er þó væntanleg aftur í október.“

Aðspurð segir Áslaug frábært að starfa sem bílstjóri og hefur gaman af því sem hún gerir. Hún segist ekkert finna fyrir því að vera kona í karllægum heimi. Ekki stendur á svörum þegar hún er beðin að nefna uppáhaldsflutningabílinn.


Áslaugu þykir best að aka Scania. MYND/ANTON

„Það er Scania. Hann eru einfaldlega æði.“ Hún segir enga sérstaka vegasjoppu í uppáhaldi en er því sammála mörgum öðrum bílstjórum um að pitsurnar í Dalakofanum við Laugar séu ómótstæðilegar.

**»Tvær konur starfa í deild Áslaugar í Reykjavík og eru það raunar einu tvær konurnar sem starfa við akstur hjá Eimskip á öllu landinu.**









Allar rúturnar frá RAG Import-Export eru með **fullri verksmiðju ábyrgð.** Við erum þeir einu sem eru með full leyfi frá Mercedes Benz verksmiðjunum til að framleiða 4x4 21 manna bíla.

Allar rútur eru **ríkmannlega útbúnar.** Hátt og lágt drif, brekkuhemill, sjálfskipting, cruse control, ísskápur, tvö sjónvörp, leiðsögumannakerfi, USB-tengi o.fl.

RAG import - export

DELUXE RÚTUR Á GÓÐU VERÐI!

Helluhraun 4, Hafnarfirði / Sími 565 2727 & 892-7502 / www.rag.is

# Vallarnaut verður Vallarbraut

**Fyrirtækið Vallarbraut flytur inn allt frá haugsugum og mótorhjólum til dráttarvéla og aftanívagna. Fyrirtækið hefur stækkað mjög og dafnað frá því það var stofnað fyrir aðeins tveimur árum.**

Við Ingvar Sigurðsson stofnuðum Vallarnaut síðla árs 2015 til ræktunar á nautgripum af Galloway kyni. En fyrirtækið þróaðist þó fljótt í innflutningsfyrirtæki á landbúnaðartækjum," segir Jón Valur Jónsson, framkvæmdastjóri Vallarbrautar. „Okkur vantaði ódýr landbúnaðartæki og aflminni dráttarvélar en voru í boði hérlendis. Við höfum því innflutning fyrir okkur til að byrja með sem leiddi síðan til þess að innflutningur og sala er orðin aðalstarfsemi fyrirtækisins."

Nafni fyrirtækisins var nýverið breytt úr Vallarnauti í Vallarbraut enda þótti það eiga mun betur við miðað við þá starfsemi sem þar fer fram í dag.



24 m³ malarvagn frá GT með 8 mm hardox í botni og 6 mm í hliðum.

### Dráttarvélar fyrir hobbíbændur

Árið 2016 fékk fyrirtækið umboð fyrir Solis dráttarvélar sem eru framleiddar á Indlandi. „Þetta eru einfaldar vélar á einstaklega hagstæðu verði. Þarna er um að ræða 26 til 90 hestafla dráttarvélar sem hafa til dæmis verið mjög vinsælar hjá sumarhúsafólki, hobbíbændum og skógræktarfólki," útskýrir Jón Valur en fyrirtækið útvegar alla helstu fylgihluti sem hægt er að tengja við vélarnar, til dæmis ámoksturstæki, bakkó, tætara, sláttuvélar og jafnvel litlar rúllubindivélar.

### Fjölbreytt umboð

Á fremur stuttum tíma hefur fyrirtækið bætt við sig fjölmörgum umboðum frá nokkrum löndum og er nú svo komið að innflutningur og sala á vélum og tækjum er orðin aðalstarfsemi Vallarbrautar en úrvalið er æði breytt, hægt er að fá allt frá haugsugum til mótorhjóla.

„Frá Norður-Írlandi flytur Vallarbraut inn Belmac landbúnaðartæki, Nugent landbúnaðartæki og kerrur. Einnig Kane og JPM vagna," segir Jón Valur en Vallarbraut hefur reynt að leggja sitt af mörkum við að minnka slysahættu í landbúnaði með því að bjóða upp á drifskaftslausar haugsugur en drifsköft valda yfirleitt alvarlegustu slysunum í landbúnaði að sögn hans.

### Sögufræg mótorhjól

Nýverið fékk Vallarbraut umboð fyrir hin sögufrægu Royal Enfield mótorhjól. „Hönnun þeirra byggir á gömlum grunni en þrátt fyrir gamaldags útlit er notast við nýjustu tækni. Til dæmis ABS diskabremsur, gasdempara og beina innspýtingu. Royal Enfield er eitt mest stækkandi mótorhjólamerki í heiminum í dag."

### Fyrir áhugamenn og verktaka

Og umboðin eru enn fleiri. Frá Ítalíu flytur Vallarbraut inn ýmis tæki frá DELEKS sem henta jafnt áhugamönnum sem verktökum. „Síðastliðið vor höfum við að selja landbúnaðartæki frá Jar-Met í Póllandi. Það eru tæki á verði sem hefur ekki sést áður hérlendis," lýsir Jón Valur og bætir við að einnig hafi verið fluttir inn aftanívagnar fyrir vörubíla frá Tyrklandi.

Á næstunni bætist svo við dráttarvélamerkið Hattat sem gerir Vallarbraut kleift að bjóða upp á breiðara úrval af vélarstærðum. Hattat býður upp á allt að 102 hestafla vélar með mótorum frá Perkins. „Hattat vélarnar eiga það sameiginlegt með Solis að vera einfaldar í notkun með lágmarkstölvubúnaði en á sama tíma skila þær því sem dráttarvélar þurfa að gera."

Vallarbraut er til húsa í Súðarvogi 6 í Reykjavík. Einnig eru tæki til sýnis hjá Bílanausti á Egilsstöðum og verið að koma upp aðstöðu á Blönduósi. Nánari upplýsingar má nálgast á www.vallarbraut s-8411200 & 8417300.



Solis 90 með ámoksturstækjum.



Hamingjusamur „hobbíbóndi" á Solis 26.



Öflugar gripa- og hestakerrur frá Nugent.



Hattat dráttarvélar – nýtt á íslenskum markaði.




Drifskaftslaus drifbúnaður eykur öryggi í landbúnaði.



Mótorhjólin gerast varla fallegri en Royal Enfield.

# Töffaramynd kveikti áhuga

Sigurður Hafsteinsson, kallaður Siggi danski, hefur frá unga aldri haft einlægan áhuga á amerískum trukkum. Í dag á fyrirtæki hans tíu húddara og Siggi var í Kanada að kaupa þann ellefta.


**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is




Siggi hefur verið með bíladellu frá unga aldri og verið hrifinn af amerískum bílum alla tíð enda þótt þeir mjög fallegir. „Þegar ég var unglingur horfði ég á bíómyndina Convoy sem er rosaleg töffaramynd með amerískum trukkum og þar kviknaði áhuginn á að eignast einn slíkan,“ segir Siggi sem var mikið í kringum afa sinn á uppvaxtarárunum en sá var vörubílstjóri.

Siggi bjó í Danmörku í níu ár og ók þar trukkum. Hann sneri heim árið 2005 og hlaut þá viðurnefnið danski hjá félögum sínum í mótorhjólaklúbbnum. „Ég var ekkert sérstaklega ánægður fyrr en ég heyrði hinn möguleikann sem var „feiti“,“ segir hann og hlær.

Siggi keypti sig inn með einn bíl hjá Vörubílastöðinni Þrótti eftir heimkomuna. „Ég keypti gamlan sex hjóla MAN mjólkurbíl, breytti honum og fór að gera hann út. Hann skemmdist 2007 og þá keypti ég nýjan MAN. Haustið 2010 keypti ég notaða Scaniu og upp frá því hefur bæst við einn bíll á ári í flotann að meðaltali.“ Áhuginn á amerískum trukkum varð svo til þess að Siggi keypti fyrsta húddbílinn af gerðinni Volvo vorið 2012.

„Ég þekkti nú ekki mikið til þessara bíla en ákvað að prófa,“ segir Siggi og með sanni má segja að húddbílarnir hafi komið honum þægilega á óvart. „Baddi vinur minn, sem nú er orðinn meðeigandi í fyrirtækinu, hafði lengi verið öryrki og gat ekki farið í lengri túra. Hann ákvað þó að prófa að fara nokkra túra í húddaranum,“ segir Siggi en skemmst er frá að segja að bíllinn fór svo vel með skrokkinn á Badda að hann gat hætt á bótum og farið að vinna fulla vinnu.

„Nú á ég orðið tíu svona húddara og munurinn á þeim og öðrum flutningabílum er mikill. Við förum til dæmis austur á Seyðisfjörð einu sinni í viku og strákarnir sem hafa verið að vinna hjá mér segja alltaf það sama. Þegar þeir hafi farið þessa leið áður hafi þeir alltaf fengið illt í bak eða hné, en á húddurunum finni þeir ekki fyrir neinu,“ segir Siggi en þess utan finnst honum amerísku trukkarnir bara svo miklu fallegri en allir aðrir flutningabílar.



Siggi danski við Kenworth vörubílinn sem er sá eini sinnar tegundar á landinu. MYND/EYÞÓR

Í dag á fyrirtæki Sigga danska fjóra ameríska Volvoa, þrjá International Prostar, einn Kenworth, einn Peterbilt og einn International Longstar Harley Davidson edition. „Svo er ég staddur í Kanada núna til að ná í einn slíkan til viðbótar,“ segir Siggi sem er hrifnastur af síðastnefnda bílnum enda afskaplega fagurlega hannaður.

Spurður út í hvort bílarnir henti íslenskum aðstæðum hlær hann við og segir: „Ég veit nú ekki hvaða séríslensku aðstæður fólk er að tala um. Ameríka er mjög stór og mikil og nokkuð ljóst að þar er bæði að finna verri og betri aðstæður en hér. Þessir bílar eru til dæmis mjög góðir í hálku því það er svo langt á milli hjóla, styttri bílar stýra verr í hálku. Þá eru þeir miklu öruggari en evrópsku bílarnir,“ segir hann.


Einn af Volvo vörubílum Sigga.


Flotinn er glæsilegur.

„Við höfum ekið á Seyðisfjörð í mörg ár. Fyrir nokkrum árum var lægðarmaraþon sem gekk yfir landið og þá fórum við margar ferðir austur og þessir bílar voru ekki að standa sig verr en aðrir,“ segir Siggi og bætir við að mikill munur sé að vera veðurtepptur í amerísku trukkunum. „Þar geta bílstjórarnir staðið upprétttir og gengið aftur í og notið þess að sofa í vel breiðu rúmi með góðri dýnu, enda gerir hönnun þessara bíla ráð fyrir að menn búi í þeim meira og minna einhverjar vikur.“





VARAHLUTIR FYRIR:
Benz • Iveco • Renault
Man • Scania • Volvo
Vagna • Langferðabíla

TOPA
Smurstöðvar
Feitisstaukar

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is




**Útsýni • Lipurð • Hraði • Sparneytni**

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri




Nesdekk að Breiðhöfða 13 er miðsvæðis með þægilega aðkomu fyrir stóra sem smáa bíla.

# Nesdekk hugsar stórt

## Nesdekk hefur opnað eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins, með sérstaka áherslu á stóru farartækin.

Efnahagslegur uppgangur síðustu ára á Íslandi hefur meðal annars haft í för með sér mikla fjölgun í atvinnutækjum hvers konar. Það á jafnt við um tæki sem eru á vegum verktakafyrirtækja og ferðaþjónustunnar, s.s. vörubifreiðar og hópferðabíla. Þetta kallar á meiri og betri þjónustu við þennan sérhæfða bílaflota.

Það gefur augaleið að þau fyrirtæki sem þjónusta þessi stóru atvinnutæki þurfa að bregðast við þróuninni. Þar eru hjólbarðaverkstæði engin undantekning. Nesdekk rekur nokkur hjólbarðaverkstæði á suðvesturhorni landsins þar sem fagmenn kappkosta að veita bestu þjónustu og ráðgjöf um dekkjaval sem völ er á.

Hjá Nesdekki hugsa menn stórt og hafa nú opnað eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins á Breiðhöfða 13.

### Hægt að aka í gegn um húsið

Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla, segir að tilkoma þessa nýja hjólbarðaverkstæðis marki tímamót í starfsemi Nesdekks.

„Það er óhætt að segja að nýja Nesdekk verkstæðið okkar á Breiðhöfða sé kærkomin viðbót við Nesdekk flóruna. Hér er hugsað stórt í öllu tilliti, því nýja húsið er sérhannað fyrir starfsemina, með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu," segir Gestur og nefnir meðal annars niðurgrafnar lyftur og snertilausar umfelgunarvélar.

„Þá býður hönnunin upp á þá nýjung að hópferða- og vöruflutningabílar geta keyrt í gegn um verkstæðið. Hér er því á ferðinni eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði á landinu sem á eftir að gjörbylta möguleikum okkar til að veita eigendum bíla af öllum stærðum betri þjónustu í hvívetna. Það á þá ekki síst við um stóru bílana."




Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla, hefur margra áratuga reynslu í að þjónusta stærstu bílana.



Úr biðstofu atvinnubílstjóra er gott útsýni inn í vinnusal.

> Hér er því á ferðinni eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði á landinu sem á eftir að gjörbylta möguleikum okkar til að veita eigendum bíla af öllum stærðum betri þjónustu í hvívetna.






Lyftur eru niðurgrafnar og umfelgunarvélar snertilausar

## Bylting í þjónustu við stóru bílana og stjórnendur þeirra

„Síðustu árin höfum við þjónað stóru bílunum eftir bestu getu í Nesdekksverkstæðinu okkar við Tangarhöfða. Þar hefur öll vinnan við þá, sem er bæði vandasöm og erfið, farið fram utandyra og það í öllum veðrum,“ lýsir Gestur.

Þrátt fyrir að aðstæður til að taka á móti stóru bílunum hafi ekki verið fullnægjandi hefur Nesdekk átt tryggan hóp viðskiptavina, sem farið hratt ört stækkandi. „Þeir hafa treyst fagmönnum okkar fyrir atvinnutækjunum sínum þegar dekkin eru annars vegar. Nú getum við loksins boðið þessum viðskiptavinum toppþjónustu innandyra. Á meðan við göngum í verkin, láta þeir fara vel um sig í biðstofu sem er ætluð þeim eingöngu. Þar hafa þeir aðgang að þráðlausu neti, geta hresst sig á kaffi og gripið í billjard sér til afþreyingar.“

### Miðsvæðis – sex lyftur

Þó að hið nýja hjólbarðaverkstæði Nesdekks á Breiðhöfða komi til með að þjóna bílum af öllum stærðum og gerðum er ljóst að ökumenn stóru bílanna munu njóta stærðarinnar sérstaklega, ef svo má segja, og kemur þar margt til að sögn Gests.





Hægt er að keyra í gegn um hið nýja dekkjaverkstæði Nesdekks við Breiðhöfða 13 sem auðveldar vinnu við stór farartæki.

„Við teljum okkur vera á besta stað hér í Breiðhöfðanum, miðsvæðis og með þægilega aðkomu fyrir stóra sem smáa. Afkastagetan er mikil og má geta þess að rými er til að sinna fjórum til sex trukkum í einu, án þess að það bitni á þjónustu við minni bílana. Við leggjum mikla áherslu á að aðstaða viðskiptavina, sé fyrsta flokks. Þeir munu meðal annars geta fylgst með fagmönnum okkar vinna við bílana sína í gegnum glerveggi.“

Gestur klykkir út með því að segja að hér eftir sem hingað til verði mikil áhersla lögð á fagmennsku í vinnubrögðum.

„Við erum fagmenn og ætlum okkur líka að leggja metnað í snyrtilega umgengni í hvívetna, sem fólk á kannski ekki að venjast í þessari atvinnugrein. Slagorðið okkar er: „Stærðin skiptir ekki máli – við dekkjum alla bíla.“ Við ætlum okkur, með öðrum orðum, að gera okkar allra besta fyrir litla sem stóra,“ segir Gestur Árskóg, þjónustustjóri atvinnubíla.



Sérstök bið- og afþreyingaraðstaða er fyrir bílstjóra stóru bílanna.



Það borgar sig að keyra út í kant og fá sér kríu.

# Ráð gegn syfju

Syfja ökumanna getur valdið slysum. Samkvæmt tölum Samgöngustofu eru 13 prósent framanákeyrslna vegna syfju ökumanna og 12 prósent útafakstra. Á árunum 1998 til 2004 var syfja orsök átta dauðaslysa í umferðinni.

## Helstu merki um syfju við akstur eru:

- að ökumaður geispar stöðugt
- að erfitt er að aka beint áfram
- að erfitt er að halda augum opnum
- að ökumaður gleymir hverju hann ók fram hjá síðasta klukkutímann
- hæg viðbrögð
- að ökumaður á erfitt með að halda höfði
- ójafn ökuhraði

## Hvað er til ráða?

- Fáðu þér blund ef þú finnur fyrir syfju. Fimmtán mínútna blundur getur breytt miklu.
- Hafðu ekki mikinn hita í bílnum.
- Ekki neyta áfengis
- Borðaðu hollan og góðan mat og hafðu matmálstíma reglulega.

**Heimild: samgongustofa.is**



# Bílabænir

Ég byrja reisu mín,
Jesú, í nafni þín,
hönd þín helg mig leiði,
úr hættu allri greiði.
Jesús mér fylgi í friði
með fögru engla liði.

Í voða, vanda og þraut
vel ég þig förunaut,
yfir mér virstu vaka
og vara á mér taka.
Jesús mér fylgi í friði
með fögru englaliði.

**Hallgrímur Pétursson**

Blessaðu, Drottinn, bílinn minn,
bjargaðu mér frá skaða,
lát mig velja veginn þinn
og vera á réttum hraða.

**Angantýr Hjörvar Hjálmarsson**

Drottinn Guð, veit mér vernd þína,
og lát mig minnast ábyrgðar
minnar er ég ek þessari bifreið.
Í Jesú nafni. Amen.

**Jón Oddgeir Guðmundsson, upphaflega úr enskri bæn**

# Trylltar orkukúlur

Stjórnendur vörubíla og vinnuvéla dvelja oft löngum stundum við akstur og ýmsar framkvæmdir, jafnvel svo klukkutímum skiptir. Hollt og gott snarl skiptir þá miklu máli til að halda einbeitingunni í lagi. Hér er ein einföld uppskrift að orkumiklum kúlum.

**1 bolli rúmlega af niðurskornum döðlum**
**½ bolli hunang**
**1 msk. chia-fræ**
**1 msk. hörfræ eða hveitikím**
**Hnífsoddur salt**
**1 ½ bolli tröllahafrar**
**1 bolli (um 120 g) pistasíuhnetur**
**1 bolli þurrkuð trönuber**
**⅓ bolli hvítir súkkulaðidropar (má sleppa)**

**Aðferð**

Blandið saman döðlum, hunangi, chia-fræjum, hörfræjum og salti í matvinnsluvél þar til innihaldið hefur blandast vel saman og er orðið mjúkt. Þið eigið að geta hrært í blöndunni, ef hún er of þykk bætið þá út í 1-2 msk. af hunangi. Færið blönduna í stóra skál, bætið út í höfrum, hnetum, berjum og hvíta súkkulaðinu og blandið vel saman. Búið til kúlur úr blöndunni og setjið á smjörpappír. Borðið og geymið afganginn, ef einhver er, í frysti. Þær þiðna fljótt.

**Heimild: www.grgs.is.**





# Meiri kynlöngun og minni kvíði

**Þegar karlar komast á miðjan aldur fer magn testósteróns minnkandi hjá mörgum. Líkamleg einkenni geta verið margvísleg og hefur Macalibrium Revolution reynst mörgum afar vel.**



Flestir karlmenn finna fyrir einhverjum einkennum testósterónskorts einhvern tíma á lífsleiðinni.

Mikið hefur verið fjallað um breytingarskeið kvenna og hvaða áhrif þverrandi hormónaframleiðsla hefur á líf þeirra og störf. Umræða um breyttan hormónabúskap hjá körlum er að verða meira áberandi en áður og ekki að ástæðulausu. Karlmenn, rétt eins og konur, finna fyrir breytingum þegar aldurinn færist yfir og staðreyndin er sú að fjölmargir karlar sem komnir eru á miðjan aldur glíma við einkenni sem rekja má til minnkandi framleiðslu testósteróns.

## Kyngeta og svefntruflanir

